Töluvert deilt og fylgt mismunandi reglum. Vilja sumir leggja á þá eign eftir alveg sömu hlutföllum og aðrar eignir gjaldanda, en aðrir taka arfinn að mestu (eða öllu) sem tekjur. Hjer vildi jeg fara meðalveginn: Leggja fyrst og fremst á arfinn sem hverja aðra eign gjaldanda, en bæta svo einhverju við í ástæðnadálk. Virðist ekki nema sanngjarnt, að goldið sje eitthvað frekar af þessu fje en annari eign, þar sem þetta er eignarviðbót, án tilverknaðar hlutadeiganda gjaldanda.

Bjarni Jónasson

—— ·//· ——

# Niðurjöfnun

## útsvara í Svínavatnshreppi haustið 1919

Raðað eftir gjaldhæð. Talan fyrir aftan nafn hvers gjaldanda er útsvar hans í krónum.

– 200. Páll Guðlaugsst. 240.
150-199. Jón Stóradal 190; Jónas Ásum 155; Jóh. Svínav. 180; síra Stefán 180; Guðm. Holti 170.
125-149 Hannes Sölh. 130; Sigurj. Tindum 130; Jónas Ldal 125
100-124. Jón Pálmason 115; Þorsteinn Grund 110.
75-99. Sveinn Hjellard. 90; Þorst. Geith. 80.
60-74. Jóh. Holti 72; Jón Gíslason 70; Guðm. Snæringsst. 65 Þorl. Búrf. 65; Sig. Eiðsst. 65;
50-59. Eysteinn Ásum 56; Steingr. Sölh. 53; Jónas Eiðsst. 52; Sigv. Hrafnab. 52; Guðjón Ásb. 50;
40-49. Erl. Búrfelli 45; Erl. Tungunesi 45; Bjarni Ldal 42; Páll Búrf. 41; Þorl. Sölh. 40 Jón Grímstöðum 40; Sigurj. Rútsst. 40;
30-39. Guðm. Syðrilöngum. 38; Benedikt Eldjst. 35; Ármann Snæringsst. 35; Ingv. Eldjst. 33; Hannes Guðlaugsst. 32; Pálmi Löngumýri 30; Guðm. Svínav. 30; Sigurbj. Rútsst. 34 Björn Rútsst. 30;
26-29 Jón Búrf. 28; Gísli Þröm 28; Þorst. Ytrihóf. 28; Hannes Þ. Guðlaugsst. 26; Magnús Tungunesi 25; Sveinn Kárast. 25; Valdimar Þröm 25;
20-24. Har. Tungunesi 23; Kristinn Ytrihóf. 23; Lárus Sölh. 23; Ósk Auðkúlu 23; Stefán Eiðsst. 22; Jón Guðlaugsst. 22; Jón Hrafnab. 21; Jóhannes Rauf. 20; Har. Ásum 20; Daníel Búrf. 20; Sigurð. Tafli 20;
15-19 Guðm. Löngumýri 19; Guðm. Tungunesi 18; Theod. Tungunesi 18; Sigv. Stóradal 17; Guðmundur Snæringsst. 17; Jak. Grund 17; Ingim. Búrf. 15;
10-14. Ingibj. D. Búrf. 14; Herdís Löngumýri 14 Stefán A. Auðkúlu 14; Pálína Guðlaugsst. 13; Ágúst Tafli 12; Bergþ. Hrafnab. 11; Lárus Hrafnab. 11; Pálmi Ásum 11; Hinrik Snæringsst. 10;

Auk þessara 31 gjaldandi með samtals 167 Kr. (útsvarshæð 3-8 kr.).

—— ·//· ——

Þetta tbl. fylgir II. árg., því betur þykir viðeigandi að láta árganginn framvegis byrja með áramótum. Næsti árg. verður 12 arkir í þessu broti.

Sveitin, sveitarblað
fyrir Svínavatnshrepp.
Ritstjóri: Bjarni Jónasson

# Sveitin.

III árg. | Litladal, í jan. 1920. | 1 tbl.

## Á leitinu.

—"—"—

Erindi flutt á skemtisamkomu á Guðlaugsstöðum 27 des. 1919.

### I.

Á leitinu nemur ferðamaðurinn ungi staðar og lítast um.

Fram undan er nýtt land og ónumið, en að baki er leitin forna með ótal endurminningum, sumum hugljúfum, en öðrum ógeðfeld-um.

Nýja landið tekur hug hans. Fjarlægðin og ókunnugleik-inn sveipa það í heillandi töfraljóma. Ímyndunar aflið skapar í eyðurnar, hver lína og hver litblær fær sérstaka þýðingu fyrir von hans og þrá. Hann teygar sem þyrst-ur maður mynd framtíðar-landsins. Nýjar kendir vakna. Hann finnur unaðsþrunginn straum fara um líkama sinn: Þetta land getur orðið hans. Starfslöngunin marg-faldast og ástin til lífsins vex. Hann finnur þrá sína í hverri einustu taug. Hann mælir brekkurnar með arnfránum sjónþyrstum augunum: Hver hjallinn tekur við af öðrum, en sumstaðar eru svimhá klettabelti á milli. Hann hræðist það þó ekki, að hann finni ekki uppgöngu, enda eygir hann einstigi upp sum beltin.

Hingað og þangað á leitinni upp brekkurnar mæla augun skrúðklædd skógarrjóður krýnd fegurstu blómum. Hag makinda-ró sígur á hann. Skógar-rjóðrin taka hug hans fanginn: „Farðu ekki lengra! Skýldu mig! Ég skal veita þér rólegt og á-hyggju-lítið líf." Munaðarþrunginn lamandi höfgi leggur sig um sál hans og fær hann eitt augnablik til þess að gleyma skyldu sinni, að ef-ast um krafta sína, og takmark lífs síns.

En ekki nema eitt augna-blik.

Morgunkulið kemur í fang honum ofan úr fjöllunum. Honum verður litið hærra, upp á háfjallabrúnirnar, lengst fram undan, þangað sem ferðinni var heitið.

Þokan er horfin af fjöllunum. Nýrisin morgunsólin hellir ylmjúku geislabaði yfir bera fjallatindana, sem teygja sig hátignarlega upp í vendandlega heiðríkjuna.
Það er eins og hann vakni af illum draumi. Hann finnur, að hann var að því kominn að svíkja sjálfan sig, að bjóða í bága við allt hið göfugasta í eðli sínu.
Svipurinn bljóðnar og harðnar. . . . . . . .

. . . . . . . . . . . . . .

. . . . . . . . . . . . . .

. . . Unglingurinn er horfinn. Það er fullþroska maður, sem nú stendur á leitinni, Járnharður viljinn, þrunginn af ástríki, geislar af svip hans, bjartur sem nýfallin mjöllin. Það er auðséð, að þessi maður veit hvað hann vill, að hann hefir fundið sjálfan sig og veit, að hann á köllun að rækja í lífinu, hugsjón, sem honum er dýrmætari en hans eigið líf. Á þessum fáu augnablikum, þarna á leitinu hefir hann vaxið meir en um helming.
Augu hans hvíla róleg og athugandi á landinu fram undan. Margt þarf að taka til athugunar; vita þarf að velja á milli. Aðal stefnan er þegar ráðin, alla leið upp á efsta tindinn á fjallinu.
Augun nema staðar við efsta klettabeltið. Þeir fjalladrangarnir hafa ógnandi ofan til hans. Hann kemur hvergi auga á uppgöngu. Þó hugur hans kvikar ekki eitt augnablik. Hann veit, að hann á að fara alla leið, og hann trúir því, að hann komist það, — alla leið upp á efsta tindinn.

## II.

. Orðið leiti er sem stofn við sagnorðið að líta og þýðir staður, sem margt er hægt að líta af, eða með öðrum orðum hátt. Að þýðingunni til er því leiti, hliðstætt við sjónarhóll og kögunarhóll.
Þó „leiti" má einnig hafa í hugrænni merkingu.
Mannlífinu má líkja við landslag þar sem eru dalir og fjöll og ýmiskonar grjótur. Allt lífið er í raun og veru ein samfeld bylgjuhreyfing, sem við vitum ekki hvernig risið hefir, né hvert stefnir. Og mannlífsbylgjurnar rísa mjög mismunandi hátt, eins og bylgjur sævarins. Á leið mannkynsins eru

því mörg leiti, – öldurhöfin, – sem sérstaklega vekja athygli okkar.

Jeg vona að þið skiljið mig, þegar jeg segi, að mannkynið hver einstök þjóð og hver einstaklingur eigi sér mörg leiti.

Engum hugsandi manni mun blandast hugur um, að árin undanfarandi hefir eitt mannkynsleitið verið að myndast, og það eitt af þeim hæstu og hrikalegustu, þó um sé ómögulegt að segja um, hvort mannkyninu takist, á þessari nýju gönguhæð að finna betri leitir, sem geti skapað öllum og óbornum betra gengi, og sannari gæfu, en verið hefir. Hvernig sem ræðst með framtíðina, mun styrjöldin mikla verða einhver stórfeldasti viðburður mannkynssögunnar, – eitthvert stærsta leitið. Þarf ekki að efa að hún veldur verulegum straumhvörfum á ýmsum sviðum.

Aldrei hefir mannkynið komist eins langt í vísindum og nú, og má því í fljótu bragði virðast undarlegt, að aðrir eins hörmunga atburðir geti hafa átt sér stað. Þar þó ekki að ófyrirsynju, þó menn efist um gildi hinnar ríkjandi menningar og sú hugsun vakni, að þroskinn hafi víða gengið í alveg öfuga átt.

Atburðir síðustu ára koma okkur jafnvel á þá skoðun, að þrátt fyrir alla hina miklu og alhliða þekkingu, sem mannkynið hefir öðlast, þá höfum við tiltölulega lítið þroskast að göfgi og siðgæði.

Þetta er harður dómur.

En lítum í kringum okkur. Við skulum stinga hendinni í okkar eigin barm og athuga okkar eigin þjóð.

Sé litið á þekkingu þeirra forfeðra okkar á söguöldinni, verður á mörgum sviðum næsta lítið úr, í samanburði við þekkingu nútímakynslóðarinnar.

Um siðgæði og göfgi má miklu frekar deila. Finst mér jafnvel vafamál, að við höfum þar mjög mikinn vinning, og alls ekki koma til mála, að það sé neitt hlutfallt við yfirburði nútíðarkynslóðarinnar á þekkingar sviðinu.

Siðgæði þjóðarinnar um

~~ait~~ Ivar er at vísa á sumum sviðum mjög áfátt, en annarsstaðar verðum við vár við svo mikið göfgi, at þat ætti at gera okkur kinnroða. Manni t.d. naumast álitamál, at þeir forfeður okkar væru drenglyndari en við, at þeir kunnu fullt svo vel „at virta sín orð og halda sín heit".

Ég veit þið munuð hugsa til mannvíganna á söguöldinni. Jú, hér er vitanlega um framför í hugsunarhætti at ræða, en þó naumast eins og virtist í fljótu bragði. Má hér fyrst og fremst benda á hina mikla munandi þýðingu í orðunum víg og morð. Morð var sama sem launvíg, þar sem sá myrti var drepinn með svikum og vegandi dyldi sök sína. Þetta mest mesta ósóma og hverjum heiðarlegum manni ósamboðið. Hér kemur það enn sem fyr, at það er drengskapurinn og hreinlyndið, sem eru meginstoðir siðgæðis forfeðra okkar. —

Mannvíg höfum við Íslendingar lagt niður, þ.e.a.s. með sýnilegum, líkamlegum vopnum, en þó blandast víst fáum hugur um, at í raun og veru tíðkast mannvíg með okkur enn þá í nokkuð ~~ö…~~ merkingu sé, og vopnin séu önnur. Hér er spurn, hvort vopn þau séu hreinni og hvort sárin, sem þau veita, geti ekki verið eins ill og hættuleg. Ég get því ekki annat en efast um, at hugarfar þjóðarinnar, — sem allar athafnir eigu upptök sín í, — sé svo miklu kærleiksríkari nú en um Ivar. Um innilega vináttu á milli einstakra manna, höfum við svo margar sögnir frá þeim tíma. Allir kannast við fóstbræðralögin, þessi guðhelgu vináttu bönd, sem menn bundust oft á unga aldri og héldu jafnan til æfiloka.

Þeir báru ekki tilfinningar sínar mjög á vörunum forfeður okkar. Ég hugsa til hans Egils á Borg, ~~um~~ sonarmissirinn lagði í rúmið. Víst þeir ekki sýna sína meir nútímamennirnir. Og hvar ætli við getum bent á fegurra dæmi upp á hreina ást milli karls og konu, en einmitt í fornbókmentum okkar?

Þið sem lesið hafið Völsungakviðu hina fornu,

komist við Helga Hundingsbana og Sigrúnu. Getið þið hugað ykkur fegurra dæmi um sterka og heima ást. Þær Sigrúnar verða að hófgum dreyra á brjóst Helga og láta hann ekki hafa ró í gröfinni.

Þeim veldr þú Sigrún
frá Sevafjöllum
er Helgi er
hradögg slegimn.
Grætr gullvarið
grimmum tárum
sólbjört, suðræn,
áðr sofa gengir,
hvert fellr blóðugt
á brjóst grami,
úrsvalt, innfjálgt,
ekka þrungit.

— " —

Þjóðirnar búa enn líkt hverar við aðra og einstaklingarnir á steinaldartímanum. Friðurinn er í raun og veru ekki annað en undirbúningur undir nýtta stríð, og styrjöld er hið eðlilega ástand eftir því sem stefnt hefir verið.

Ég hygg að ykkur muni nú ljóst, að mannkyninu hefir ekki farið eins fram að hreinleik og göfgi sem að vitsmunum. Hefir ófriðurinn mikli leitt þetta einna berlegast í ljós, þar sem allri reynslu og þekkingu mannkynsins er varið til fólskuverka og fé og fjörvi fórnað á altari fégirndar og metorða.

Við þetta raunaleg niðurstaða, og þarf hér alger stefnubreyting á að verða.

Fram koma þjóðanna hverrar við aðra, þarf að vera bundin sömu hömlum og meðal einstaklinganna.

Þjóðabandalagið nýstofnaða er spor í þess átt, þó skamt nái.

— " —

Nú höfum við dvalið um stund við þetta risvaxna mannkynsleiði: ófriðinn mikla.

En við Íslendingar eigum einnig mörg leiði, og einmitt nú stöndum við á einu þeirra.

Ísland er nú orðið fullvalda ríki. Langri stjórnmálabaráttu er lokið á friðsamlegan hátt með fullri viðurkenningu á rétti okkar.

Ótal verkefni bíða. Mörg vansakt vandamál krefjast

bráðrar úrlausnar.

Landið okkar er all víðáttumikið, og þó það sé kalt og mikið af því sé bert og nakið, þá á það þó ýmsar auðsuppsprettur í skauti sínu og framtíðarmöguleika, sem enn liggja ónotaðir.

Landbúnaðurinn þessi gamli hyrningarsteinn íslenska þjóðfélagsins og íslenskrar menningar á í mikilli vök að verjast, vegna samkepni við aðrar atvinnuvegi, en þó er það trú margra nýtustu manna, að hann geti átt glæsilega framtíð fyrir höndum, ef rétt er stefnt og vel og skynsamlega er unnið að verki. Hygg ég það ekki ofmælt, þó ég segi að framtíðargengi þjóðarinnar sé að mjög miklu leyti undir því komið hvernig okkur tekst með umbætur á landbúnaðarsviðinu.

Landbúnaðurinn hefir verið „landstólpi" og á og þarf að vera það framvegis. Hjá okkur hefir myndast einkennileg bændamenning, sem hefir varðveitt mikið af hreysti og kjarki fornaldarinnar og mál okkar og þjóðerni.

Bændamenningin íslenska hefir verið sómi okkar vörn okkar og skjöldur, alt fram á þennan dag.

Það er ekki alt fengið með ríkisréttarviðurkenningunni. Við höfum tekið á okkur meiri ábyrgð, því vandi fylgir vegsemd hverri, og muna verðum við það, að hið dýrmæta frelsi getur orðið hættulegt vopn í höndum þeirra, sem ekki kunna með að fara. Er ekki nema von, að menn hugsi með miklum ótta til hins aukna kosningarréttar og alþjóðaábyrgðarinnar, sérstaklega með tilliti til vaxandi fólksfjölda í kaupstöðunum, því kaupstaðarlýðurinn hefir óneitanlega með réttu verið talinn þroska minni, en sveitabúarnir íslensku.

Nú kem ég að því sem ég vil gera að meginkjarna máls míns.

Ég hefi áður bent á, að ræktun landsins, sé eitt hvert mesta nauðsynja og vandamálið, sem liggur fyrir okkar unga þjóðfélagi, en við hliðina á því verðum við að setja ræktun lýðsins, menning alþýðunnar.

Íslenski þjóðstofninn er vel að sér frá náttúrunnar

hendi og er enn mjög lítil
spiltur af sora nútíma
menningarinnar, minsta
kosti til sveitanna.

Þjóðin er fámenn, en byggir
úley eina „langt frá öðrum
þjóðum" og á því tiltölulega
auðvelt að vernda einstak-
lings-eðli sitt og þjóðarinnar.
Vegna fjarlægðarinnar, ættu
ýmsar pestnæmar hugsjóna-
öldur út í heimi, síður að
geta leitt okkur á glapstigu.

Ég hygg því, að afstaða
okkar Íslendinga við menn-
ingarstarfið, sé að ýmsu
leyti betra en hinna vold-
ugu heimsþjóða.

Við höfum áður komist
að þeirri niðurstöðu, að menn-
ing nútímans sé mjög mein-
blandin, að þar sé meir
hugsað um efnislega hluti
en andlega, og að stefnu-
breyting þurfi að verða, ef vel
á að fara.

Það er því þörf á nýju
sitabóli, og mín sannfæring
er sú, að hennar sé fremur
að vænta hjá smáþjóðunum,
en heimsríkjunum.

Getur það ekki orðið hlut-
verk okkar Íslendinga að
gefa heiminum fyrirmynd
sannrar alþýðumenningar.

Íslendingar standa nú
í sömu sporum og ung-
lingurinn á bilinu. Nú ríður
á að velja rétt.

Ísland getur aldrei orðið heims-
veldi í efnislegum skilningi,
sömuleiðis er ómögulegt, að
hér geti orðið um verulega auð-
söfnun að ræða. Hinir voldugu
guðir heimsmenningar nútím-
ans: auður og vald, ættu því
ekki að freista okkar svo
mjög, til þess er verksviðið
hér heima alt of smá.
Hver einstaklingur og hvert
þjóðfélag þarf að eiga sér
hugsjón, til þess að lifa
fyrir.

Getur þetta ekki orðið hug-
sjónin okkar Íslendinga:
að gefa heiminum fyrirmynd
sannrar alþýðumenningar,
að skapa nýja kynslóð
— óspilt náttúrubörn, dreng-
lynd og kærleiksrík, sem
geri Ísland að ríki hinnar
frjálsu kristilegu menningar.

—o—

Áður en ég lýk máli mínu,
vil ég minna ykkur á söguna
af vitringunum frá Austurlöndum.

Sagan segir, að stjarna
hafi vísað vitringunum leið
til hins nýfædda mannkyns
leiðtoga í Betlehem, að hún
hafi gengið á undan þeim
frá Jerúsalem til Betlehem
og staðnæmst yfir þeirri borg
þar sem þeir síðar fundu

Jesú í skauti móður sinnar í fjárhúsinu þeirra Betlehems-búa.

Stjörnuvísindin segja að ein-mitt um þetta leyti, hafi sést ný skær stjarna í suður-átt frá Jerúsalem en borið mjög lágt yfir sjóndeildar-hringinn.

[illegible]slagi frá Jerúsalem suður til Betlehem, er nú þannig varið, að ein hæðin tekur við af annari — lágt ásaland, — en kringum Betlehem eru víðir, sléttir vellir. Á leið vitringanna til Betlehem, hefir þá stjarn-an borið við næsta leiti á undan, og þannig eins og gengið á undan þeim, þar til að Betlehemsvellirnir tóku við.

Ef við nú ættum að fá eina stjörnu til þess að vísa okkur leið, stjörnu sem gengi á undan okkur á lífsleiðinni af einu leitinu á annað alla leið upp á hæsta tindinn.

Nú eigum við einmitt slíka stjörnu. Betlehemsstjarnan er enn til að vísa okkur leið-ina, að vísu ekki himinhnött-inum, sem leiddi vitringana frá Austurlöndum til barnsins í Betlehem, en það er barnið sjálft. Það eru siðakenningar Jesú frá Nasaret.

Ef ég ætti að einkenna Krist með fáum orðum, finst mér ég ekki geta komist betur að orði, en að hann hafi verið holdgaður kærleikurinn. Rauði þráðurinn í siðalærdómi hans er einmitt kærleikurinn.

Í meir en 19 aldir hefir Betlehems-stjarnan boðið mannkyninu leið-sögn, en svo hafa mannanna augu verið þungt haldin, að við erum enn lítið lengra á leið komnir á vegi kærleikans, en forfeður okkar í heiðni. Það er einmitt kærleikurinn sem vantar í þjóð-félagslíf og menningu heimsins. Það vantar hinn vermandi yl kær-leika Krists. Ef kærleikurinn hefði ráðið gerðum þjóðhöfðingjanna sem héldu í stjórnartaumana 1914, þá myndi styrjöldin mikla aldrei hafa brotist út.

Við Íslendingar stöndum á leitinu. Við ættum að gera þjóðina okkar, að sammentaðri þjóð, drenglyndi og kærleiksríkari, sem geti orðið öðrum þjóðum til fyrirmyndar. Ég vil segja, að eina leiðin til þess að við getum náð því marki, er að við veljum okkur Betlehemsstjörnuna að leiðarstjörnu, þá mun okkur vel farnast og við sannarlega komast alla leið upp á hæsta tindinn. —

Bjarni Jónasson

Sveitin.

sveitarblað fyrir Svínavatnshrepp.

Ritstjóri: Bjarni Jónasson

S-v-e-i-t-i-n.

III árg. | 1. febrúar. | 2. tbl.

## Kraftfóður.

Fóðrun búpenings er þýðingarmesta fjárhagsatriðið í starfslífi okkar, sem sveitirnar byggjum og af landbúnaði lifum, enda gengur mikill hluti af önnum okkar og umhyggju á ári hverju í það, að afla fóðurs og eyða því á þann hátt að sem mest not verði að.

Það hlýtur því jafnan að vera eitt okkar mikilvægasta áhugamál að verða sem fróðastur og unt er, um notagildi þess fóðurs, sem við höfum með að gera og um það hvernig við getum fóðrað búpeninginn á sem ódýrastan og heppilegastan hátt. Okkur ríður því á miklu að gefa sem gleggstar gætur að þeirri fræðslu þessu viðvíkjandi, sem verkleg reynslan færir oss í hendur.

Því miður vanta enn tilfinnanlega ábyggilegar innlendar fóðurtilraunir og eru því raunverulegar upplýsingar á þessu sviði nálega reikular enn sem komið er. Þó eru það sem betur fer nokkrar orðnar, og er þess full þörf, að menn færi sér það sem best í nyt.

Frá upphafi Íslands bygðar og fram að síðustu árum hefir allur búpeningur þessa lands nær eingöngu verið fóðraður á heyi og beit. Fyrst nú á allra síðustu árum hefir verið byrjað að fóðra á kraftfóðri, og það þó helst verið notað sem neyðarfóður til hjálpar í harðindum.

Kunnátta manna almennt í að nota kraftfóður er því af eðlilegum ástæðum mjög lítil, og verður því jafnan svo að mistökin reynast talsvert algeng. Því fór líka sem fór fyrir ýmsum með síldina síðastliðinn vetur, að þeir ætluðu henni að gera meira gagn, en að nokkrar líkur eru til að geti átt sér stað, og kendu síðan síldinni um öll fóðurmistökin. Framtíðarhorfurnar með heyöflun eru nú á tímum sífelt að versna. Fólkseklan – þetta mesta mein sveitanna – fer stöðugt vaxandi og líkurnar til góðrar heyöflunar því með ári hverju verri og verri. Fyrst og fremst hækkar heyfóðrið gífurlega í verði með ári hverju og svo verða kaupmörkin stöðugt þrengri

og peningi fyrir því hvað mikið af því er er hægt að fá. Þetta mesta mein okkar atvinnuvega hugsa allmargir sér að bæta með auknum umbótum og vélavinnu, og væri það betur að sú leit heppnaðist, en allmörg ljón eru að mér virðist á þeirri götu. Skal eigi frekar út í það farið. Önnur leiðin sem bent hefir verið á, að við förum að fóðra þúpening vorn, að menn éta minna beiti á kraftfóðri, sýnist mér miklu árennilegri, fyrst í stað að minnsta kosti. En hvert er þá gildi þess kraftfóðurs sem kostur er að fá, borið saman við hey? Þannig ~~spyrja~~ fjöldamargir sem von er til, en því miður er ekki hægt að svara svo ábyggilegt sé. Ég skal þó gera nokkra tilraun til að svara þessari spurningu eftir þeim upplýsingum sem ég get bestar fengið, ef ske kynni að einhverjum sveitunga minna gæti það að gagni orðið.

Helstu kraftfóðurstegundir sem um er að tala og þekktar eru hér sem skepnufóður eru: <u>Rúgmjöl</u>, <u>síldarmjöl</u>, <u>síld</u>, <u>lýsi</u>, <u>grútur</u>, <u>fiskúrgangur</u> og <u>bein</u>, <u>hafrar</u> og <u>maís</u>.

<u>Rúgmjölið</u> er sú fóðurtegund, sem menn hafa mest notað, sem hjálparfóður, en með gjöf á því hafa þó engar tilraunir verið gerðar hér á landi svo ábyggilegt sé. Torfi sál. Bjarnason telur 1 kg. af rúgi og rúgmjöli jafngilda 2-2½ kg. af góðri töðu og 3 kg. af sinulausu góðu heyi. Þetta er líka í samræmi við þær efnarannsóknir sem á þessum tegundum hafa verið gerðar. En við höfum engar efnarannsóknir á heyi sem líkt er því sem við höfum mest af þ.e. mýrarheyinu sinuborna, en eftir því sem næst verður komist nægir ½ kg. af mjöli móti 2 kg. af slíku heyi. Mundi því þurfa 15-20 kg. af rúgmjöli móti meðal útheyshesti hér hjá oss. Rúgmjölið er best að gefa sem deig, en gæta ber þess að velgja mjölið, en ekki deigið eins og ýmsir hafa gert.

<u>Síldarmjölið</u> hefir talsvert verið notað handa kúm á síðari árum og láta menn misjafnt af, enda er það vafalaust misjöfn vara að fóðurgildi.

Með síldarmjöl voru gerðar tilraunir á sauðfé, í Síðumúla og Hvítstöðum í Reykjafirði veturinn 1914-15 og 15-16. Reyndist síldarmjölið nokkru betra en hugsanlegt er með rúgmjölið, eftir því sem tilraunaskýrslan sýnir. 1 kg. af síldarmjöli má, eftir þeim tilraunum reikna móti 4½-6 kg. af meðal útheyi eða móti 3-4½ kg. af töðu,

en hér er aðeins um eina tilraun at ræða, og því varasamt at byggja henni um of. Þó er síldarmjöl sem er gott og ósvikit, óefanlega betra til fóðurs en rúgmjöl. Ætti vera at gefa þat, einkum fé.

<u>Síld</u> reyndu allflestir hér um slóðir til fóðurs í fyrra og gafst misjafnlega at vonum. Ég vil þó ráða mönnum til þess at taka ekki ofmikit mark á þessari reynslu, því bæði var þat, at kunnátta var lítil vit gjöfina, og þó ber einkum at taka tillit til greina, at heyin voru miklu verri en venjulega, og því ekkert at marka hvernig fóðrunin tókst. Aðeins eina innlenda tilraun með síldargjöf höfum vit enn fengit svo eg viti þ.e.a.s. handa sauðfé, en hún er hjá Andrési í Síðumúla veturinn 1917-18. Eftir þeirri tilraun hafa 5¼ kg. síld sparat 16¾ kg. af ágætu, velverkuðu og sinulausu heyi og 0,8 kg. lifandi vigtar. Með öðrum orðum hefir hvert kg. af síld reynst um þat móti 4 kg. af heyi sem eftir lýsingunni hefir verit álíka gott og þat úthey sem hér er til best.

Þessi reynsla mun flestum þykja talsvert betri en þeir hafa rent grun í, eftir reynslunni í fyrra. En athugandi er: Í fyrsta lagi at heyin voru afleit, at þau hlutu at reynast miklu ver en venjulega, en síldinni svo kent nokkurt um þann galla, og í öðru lagi at síldin er mjög mis góð. Ég hafði yfirleitt mjög góða síld, enda gafst mér hún mæta vel eftir ástæðum. Þó get eg eigi fyrir þá reynslu sagt ábyggilega um gildi hennar móts vit hey, af því eg hafði ekkert tilraunasnit á gjöfinni. Þó hygg eg gildi hennar alls ekki minna en þat, at 1 kg. af síld sé móts vit 2 kg. af töðu og 3 kg. af meðal útheyi eins og þau gerast hér.

<u>Lýsi</u> er sá fóðurbætir, sem allir, er um þat hafa ritat, telja best móts vit hey. Páll Zóphoníasson telur lýsi 12-15 sinnum betra en meðal úthey. Eftir efnasamsetningu er þó varla hægt at reikna þat svo hátt. Fæstir hér í sveit munu hafa reynslu um þat, hve gott þat er, enda skiftir ekki miklu um þat í þetta sinn, því hér er þat lítt fáanlegt nú. Annars væri þó at fá reynslu um hvort þat er slíkt ágæti sem af er látið, því á því er sterk trú. Einn sem ritaði í „Frey“ í sumar telur t.d. 1 tn. af 1 fl. lýsi og 12-15 skokka af síld jafngilda 200 hestum

af metal úthey.

Grútur er ápekt fóturbætir, en farit at nota honum vítsvegar um land. Þó eru mjög litlar upplýsingar fyrir hendi um gildi hans, enda mun hann mjög misjafn. Skiftir miklu at hann sé óskemdur og ósoikinn. Eftir því sem efnarannsóknir á grút sýna, ætti hann at hafa mikit fóturgildi. Páll Z. telur gótan grút til muna betri en síld, en slæman og skemdan grút, nálega gagnslausan. Hann segir at menn dreifi honum yfir heyit met spýlu, þegar búit sé at gefa, eta hræri hann út í heitu vatni og dreifi svo blönduninni yfir jötuna. Allmikit af grút má fá at vestan, og hefir hann fengist þar nú til skamms tíma.

Fiskúrgangur og bein, þorskhausar og annat slíkt, er fótur sem vit þekkjum lítit til at nota, en ýmsir sem reynt hafa telja þat mjög gott fótur. Gutþorm Gutlaugsson telur þat at minsta kosti helmingi betra en gott hey — mitat vit vigt, — og er sennilegt at þat sé rétt of í lagt, eftir því sem ýmsir sem reynt hafa, hafa sagt mér. Sé þetta gefit hrátt, sem líklegast mun, þarf þat at berjast eta [illegible] en þat er gefit. Hænsni fá at minsta kosti fljótt uppá at eta slíkt.

Hafrar og maís er sem kunnugt er, ágætt fótur og eftir efnasamsetningu talsvert betra en rúgmjöl, en af því at þetta er ófáanlegt nú, skal eigi fjölyrt um þat.

Æskilegt [illegible] vanta mjög tilfinnanlega upplýsingar um nokkur kraftfótur. T.d. vitum vit mjög lítit um hve mikinn hluta gjafar má gefa hverri skepnu af þessari og hinni kraftfóturs tegund. Einnig er mjög óvíst um, hve dýrmætt kraftfótur er met beitinni. Allir sem reynt hafa, telja þat þannig best, eta mestan heyspara. Ver líka autskilit at svo er, en vit þurfum sem fyrst at fá tilraunir um hvert gagn má hafa af því þannig.

Kostnatarhlitin er þat atriti sem mestu skiftir, þegar bera skal saman kraftfótur og hey og skal því lítilsháttar at því vikit. Heyin eru allaf mjög misdýr, eftir því á hvata jört er og af hvata fólki er aflat, og er því aldrei hægt at fá út hvat hey at metaltali kostar. Sýnist mér talin nærri at hestburinn af útheyinu hafi vítast hvar í sumar kostat 7-8 kr. met engjalóni, hestbrúkun og ötru. Verður þat hér um bil 5-6 aura pd. út úr tótt. Eftir því væri skatt at kaupa rúgmjölstunnuna yfir 40-48 kr. ef nóg hey væri til og annat eftir því. En þó vit gengum út frá nokkuru

heyjinum og vildum fá saman burt á heyi og t.d. rúgmjöli hvat verð snertir, þá er þat ekki so rætti málikvarti hvat heyin kosta nú, heldur hvat þau kosta næst, því þat sem t.d. sparatist af heyi og grti eftir þat autsitat sparar fóðurkasnat næst.

Nú eru hættir þannig, at kaupgjöld munu hækka um þriðjung til helming frá því í summar sem leið, og þá fer nú heyskapurinn okkar at verða dýr. Er þá sýnilega eigi um nema tvent at velja, annat hvort at fækka búpening stórkostlega, eða fara at fóðra á kraftfóðri í stórum stíl. Tel eg þat síðara heppilegra fáist kraftfóður með sæmuligu verði og nú er á því, og verslun helst at öðru leyti í líkum hætti, því autsæt er, at flestar kraftfóðurs tegundir verða þá ~~[illegible]~~lega ódýrari en hey ef verkakaup verður líkt og útlit er á. Út í þetta skal þó ekki lengra farið hér, en vikja at öðru sem nær liggur.

Nú sem standa eru harðindi og yfirleitt snjóar og framkoma yfirstandandi vetrar þannig, at vit eigum ekki jafn skuggalegu at venjast. Um þetta væri eigi so mjög alvarlegt íhugunarefni ef vit bændurnir vit fóðurbirgðir væru at sama skapi góðar, en því miður er ekki því at heilsa. Staðan er sem sé í miklum voða stödd, því fóðurbirgðir eru yfirleitt miklu minni en svo, at hægt sé at mæta langvarandi harðindum. Haldist sama jarðbann og nú er áfram, verður allmikill hópur manna alveg fóðurlaus nokkru fyrir sumarmál, og mjög fáir standa nokkuð sem nemur fram yfir þann tíma þ.e.a.s. ef miða á við skynsamlega og viðunandi fóðrun. Hér er því um alvarlegan voða at ræða og vitum á miklu at vit allir hver um sig leggjum alt okkar vit, allan okkar áhuga og alla okkar getu í at afstýra því at so verði, gera meira tjón, en minst er mögulegt at verði.

<u>Men hvat á þá til bragðs at taka?</u>

Sú spurning mun nú í flestra hugum og mun mörgum at sama stirt um svarið, enda er svo jafnan at fátt er til ráða þegar í óefni er komið. Einn af okkar hygnustu (bændum) hefir þegar ritað á vatið og drepið svo nokkur númer af fóðrum. Hefði hann at nýu ungancygum gotar birgðir, þá hefði ati mörgum verit þörf at byrja á undan honum. Þetta ráðið er vitanlega þat hyggnasta at drepa nokkut af skepnunum til at bjarga hinum. Skal ég síst aftra þeim nú at svo stöddu, sem þenna örugga kost vilja taka. Þó er sitin en svo at ég eggi þá á þetta ráð, sem örmur úrræði sýn, því einkanlega er slíkt neyðarúrræði, þá

betra sé en annat verða, sum
als getur hent. Tað sum eg vil
áleggja monnum, er at
hava hugfast og beygja eftir er:

1. At gæta tess væl at
vanfóðra ekki neinar sínar
skepnur svó at magrar verði.

Hetta er tað høvuð nautsynji al-
virði; sum jafnt í harðindum sum
endranær verður at setja í fyrir-
rúmi. Ikki eg tað eigi fram af
tí, at eg havi eigi vit at øllum
so góð, at tað skiftir miklu,
hvørt av hinum, at margfald
royndin hevur sýnt, at málið hevur
betrað bjargað monnum gjøgnum leiga
og tørva ekki eina tíma hart-
indi til. Tíðin 1906 og 1914
drapst fjøldi af skepnum her
í sveit og tá allra mest af
lombum, en flestu af teimum øllum
hefði mátt bjarga eins og tá
slót, at eins hevði menn gætt
tess at gera ekki skepnurnar
of magrar, en gefið mat í tíma
og með skynsemi. Ikkin tykir
hetta sennilega harðir dómur,
sveitungar góðir, en sannur er
hann samt. Tað gelur alla
menn hent, at tørva at drepa
skepnur sínar í haldinum, vegna
fóðurs þrots, en at láta tær falla
úr hor eða verða afurðalausar
fyrir kvala meðferð, tað er sú
svívirðing sum engin sómamaður
má láta koma fyrir sig.

2. Aldrei meðan tekningarlaust,
sum kraftfóður hefur eða gela fingið
og flutt at sær, verða at byrja
at gefa tað strax til at spara
hoyin sum mest. Skulu menn tá
reyna at haga gjøfinni eftir teim
hlutfallum sum her at framan
hefur verið bent á. Byrjist tað
illa, verða menn at fikka sig
áfram eftir reynslu tímin og
umfram alt at gæta ná-
kvæmar reglu. Vigta alt sum
nákvæmast at fóðri er á, bæði
til at nýta ekki at óþørvu, og
eins til hins at vera viss um at
gefa nóg. Eg hefi sýnt lausa-
lega fram á, at tað er mjög
lítill eða enginn skaði at gefa
mat nú, borið saman við hey,
ef mitt at er við hvat heyið kostar
nast. Ver tá engu slept, tá
matargjøfin geri tað at verk-
um at meira verði eftir af heyi.
Ver tað skiftir miklu at byrja
strax matargjøfina til þess at
tørva eigi at raska um of við-
urværi skepnanna. Tá er hægt
at halda øllu lengi í sæmiligum holdi,
ateins ef matur fæst. Í tessum
sambandi er líka vert at gæta tess
til leiðbeiningar fyrir tá sum lop-
aslir eru, at ef harðindin hald-
ast lengi er fullvissa fyrir tí
at enginn her í sveit gelur hjálp-
at um hey. Á tí gelur enginn
bygt nakkra von.

3. Kemi tað fyrir, sum vel gelur
orðið, at harðindin haldist og

ís komi og skipagöngur teppist, svo engum matur fáist, þá verða allir tafarlaust hiklaust að drepa fleiri eða færri af skepnum sínum til þess að tryggja hinar. Bölvunin lætur jafnan mikið á sér bera, þegar menn eru orðnir fóðurlausir og harðindin eru, en henni geta menn aldrei treyst því hún er ekki síður bregðlynd, en aðrar okkar svikulu heillavinir. Allt getur því oltið á því, hvort kraftfóður fæst nægilegt, en um það er alveg óvíst, ef óvinurinn okkar ógurlegi, hafísinn, lokar flóanum okkar áður en matvörurnar koma. Það er heldur ekki um annað að gera en að hverfa að fraudalendingunni, - leiðinlega niðurskurðinum.

Fleiri ráð hefi ég ekki að gefa, hvorki sjálfum mér né öðrum en ég undirstrika það að við megum ekki særða okkar sveit með því að fella úr hor, hvorki nú eða endranær. Okkur getur alla hent það að missa mestan hluta eignanna, því svo getur illa farið, að við verðum að skera skepnurnar okkar um eða eftir sumarmál. Það er auðvitað svo voðalegt neyðarúrræði að örðugt er til að hugsa, en með því glötum við þó ekki mannorði okkar og sálarfriði, en það er þó dýrmætasta eignin.

Bjm: 1920.

Jón Pálmason

# Árið 1919.

## Annáll Svínavatnshrepps.

### Tíðarfar.

Janúar. Við áramótin var nokkur snjór á jörðu, þó alstaðar ágætis jörð. Jafnan kyrt veður. Um þann 20. hlánaði og tók upp snjóinn. Sérstaklega gott til mánuðinn út.

Febrúar. Sama indælistíðin mánuðinn út. Hláka þann 8-10. Gerði svell, síðan nauðmál snjór til hálsa, og afréttunum að mestu snjólaus. Um miðjan mánuðinn kólnaði og svo jafnan nokkur frost.

Mars. Norðanhríð um mánaðamótin (28 febr.-2 mars). Birti upp með miklu frosti (25°C). Í hríðum þessum kom töluvert mikil fönn. Hrossahagar þó góðir, en sauðfé að mestu í innistöðu, þó sumstaðar beitt eftir miðjan mánuðinn. Jafnan nokkuð frostharðt, en oftast kyrt veður mánuðinn út. Austan stormur þann 8, og reif snjóinn þó sumstaðar í burtu. Óhemju rigning þann 15., og tók snjóinn þó töluvert upp.

April. Jafnan snjógangur fram undir þann 20, og var þá kominn mikill snjór, svo jarðlaust var fyrir

sauðfé um meiri hluta sveitarinnar. Í stórrigningu þann 21. – annan í páskum – tók snjóinn mjög upp, en kólnaði þegar aftur. Ágætis hláka 28 og 29.

Maí. Norðanátt og stöðugur snjógangur 6 fyrstu daga mánaðarins. Jafnan frostlítið, en þoka, og hlóð niður snjó, svo sumstaðar var orðið út þar jarðlaust. Hér fram til dalanna var minna um þokunnar og varð þó minna úr snjóganginum en víða annarsstaðar. 7 maí brá til sunnan áttar, og hvarf þá snjórinn óðfluga. Indælistíð svo mánuðinn út. Hitar að jafnaði, en mjög úrfellasamt.

Júní. Blíðviðri áfram fyrstu dagana. Sunnanátt, hitar og regn. Kólnaði þann 10, en þó úrfellasamt áfram og öðru hvoru fjúkrenningur. Jafnan úr vestri eða norðri. Dálítið frost um þann 20, Hret þann 27 – snjóaði ofan. Sunnanátt seinustu dagana 2 og hiti:

Júlí. Sunnanátt 1-6. Heiðríkt og heitt. Vestan átt 7-9., þá norðan átt um tíma, þá óstöðug. Nokkuð úrfelli. Hret þann 16. Norðan átt áfram til þess 27., þá vestan átt. Kuldastormur fyrst en hlýnaði um þann 20. Ágætis veður svo til mánaðarloka. Hægt, heiðríkt og heitt. Regn öðru hvoru.

Ágúst. Áttin jafnan óstöðug, þó mest úr norðri. Mjög votviðrasamt, þó sjaldnast mikið úrfelli. Hret þann 20., en birti upp með frosti þann 23. Frost aftur þann 27-29., og féll þá kartöflugras mjög.

September. Áttin óstöðug, þó enn mest úr norðri. Jafnan nokkur vætutíð, en þó þerriflæsur öðru hvoru. Kólnaði um miðjan mánuðinn, og svo jafnan kalt úr því. Fjúkslitingur eða snjógangur jafnan síðustu vikuna.

Október. Hlýnaði þann 2., og svo jafnan góð tíð mánuðinn út. Oftast þítt fram um þann 20. Snjógangur nokkur 21.-25. Til hálsa hér frammi gerði talsverðan snjó.

November. Kyrt veður og milt 1-10. Mjög frostkalt 11-14. Þann 16 gekk í byljar, fyrst af vestri, en svo af norðri, og hélst svo til 25. Setti niður óhemju snjó, svo mjög varð [illegible] jörð fyrir sauðfé. Seinustu daga mánaðarins kyrt veður og milt.

Desember. Stillur fyrstu dagana, en gekk bráðlega í umhleypinga. Oftast úr vestri. Snjógangur og hlákublotar á milli, svo fljótlega tók fyrir jörð. Um jól haglaust um mestan hluta sveitarinnar. —

Bjarni Jónasson

Sveitin, sveitarblað fyrir Sv.hr.
Ritstjóri: Bjarni Jónasson

# Sveitin.

III. árg. | Litladal í febrúar 1920. | 3. tbl.

## Hvað er til skemtunar.

Mér kæmi það ekki óvart þó unga fólkinu sumu, þætti óviðeigandi, að gamall karlfauskur færi að segja unga fólkinu fullu af fjöri og lífi, hugsjónum og framsýni, að hverju og hvernig það ætti helzt að skemta sér. Það ætti auðvitað að vita það best sjálft, enda er ekki ætlun mín sú með línum þessum að bera nokkra skemtanategund á borð, heldur minnast ögn drög, til að gjöra skemtanir yfirleitt mögulegar hér hjá oss.

Aðallega finnur ungi maðurinn til meiri skemtanaþarfar en hinn gamli. Ungi maðurinn er á leit eftir ávöxtum af lífsins tré sér til nautnar. Gamli maðurinn situr að því, er hann hefir aflað, og árlega fækkar plómum hans, hafi hann þá nokkur fundið. En allir hafa eitt sinn verið ungir, og allir ungir og gamlir þrá eða hafa þráð glatt líf og jafnvel skemtilegt líf, hver eftir sínum tilfinningum; en það, sem eg hér hefi að segja um þetta mál, vildi eg segja einmitt frá sjónarmiði æskunnar, heilbrigðrar æsku, því enn á eg, að mér finst, ekkert erfitt með að muna mína æsku og setja mig í spor æskumannanna.

Ef vel væri, væri engin vanþörf á að fleira væri ritað og rætt um þetta mál á landi voru. „Skinfaxi", blað ungmennafélaganna, hefir að vísu þetta mál eða á að hafa þetta mál með höndum, en það blað mun í fárra höndum hér, enda munu ungmennafélög þau, er hann er faddur af, komin meir á legg en svo, að þau séu ekki ofvaxin þeim, sem enn eru ekki farnir að vappa, en svo má segja um oss hér, að því er snertir ungmennafélagsskapinn. Að vísu mun hér í litlum hluta sveitarinnar vera til eitthvert reifabarn, með því nafni, en af því fara litlar sögur enn þá, en mjór er þar máske mikils vísir, eins og víða annarsstaðar.

En þetta mál, hvort heldur það er kallað ungmennafélagsmál eða skemtanamál, er að mínu viti eitt af stórmálunum, ef rétt er skoðað; eitt af vandamálunum og meira alvörumál, en í fljótu bragði virðist. Sveitunum íslenzku er máske fátt meiri nauðsyn, ef vel er athugað, en það, að gjöra unga fólkinu sveitalífið svo vistlegt sem unt er, svo það girnist síður að fara burt. Landbúnaður vor, sem vafalaust er íslenzku þjóðlífi hollasti menningar-

frömuðurinn, getur það aðeins náð því að verða það, að framtíðarvonir hans glæðist fremur en daprist. En hverfi unga mannfólkið burt úr sveitunum, af hverju sem það er, þ. d. af leiðindum þá er úti um framtíð sveitanna, æskan er framtíðin. Eitt fyrsta skilyrðið fyrir landbúnaðinn er því, að minni hyggju það, að geta trygt sveitunum sem mestan og bestan, ungan heilbrigðan vinnukraft til framtíðar. En hvað er þar til ráða? Eg býst við að margir segi, á þessum efnishyggju tímum, að fyrsta, sjálfsagðasta og máske eina ráðið, sé það að bjóða og gjalda hátt kaup. Kærleikurinn til krónunnar sé sterkasta fýsnin í mannshjörtunum. Í þessu er mikill sannleikur, en eg held að það sé ekki allur sannleikurinn. Þá trú hefi eg ennþá á ungum vinnulýð vor Ísl. að hann finni og skilji, að ekki er unt að lifa á „einu saman brauði". Eg lít svo á, að þó verkamaðurinn meti krónufjöldan mikils, þá líti hann og á fleira. Heilbrigt vit veit, að krónan sjálf út af fyrir sig, hvort heldur hún liggur á kistubotni eða hvar sem er ónotuð, er einkisvirði, er ekki takmarkið, ekki gæfan sjálf, ekki nokkur nautn, en hún er ávísun á þetta allt, ef það er þá til í þeim viðskiftaheimi, sem hver einstaklingur lifir í. Uppi á fjöllum, úti á eyðimörk, úti á reginhafi, get eg orðið hungurmorða, með fulla vasana af gulli, silfri og seðlum af því þar er enginn sá viðskiftaheimur til, er taki ávísanirnar gildar fyrir mat. Eg reyni því af öllum mætti að draga mig þangað, sem eg get skift þeim fyrir mat, þegar hann er fenginn eru þær orðnar verðmætar. Og svona er það í ýmsu tilliti jafnvel mitt inni í mannlífinu sjálfu. Hvar sem eg afla mér fjár, þá gjöri eg það í þeim eina tilgangi að afla mér, eða öðrum einhverrar nautnar fyrir fjármunina. Fjáröflun, sjálfs fjárins vegna, þ. e. a. s. fjáröflun án þess að ætla sér að nota það í skiftum fyrir eitthvað, sem er til gagns eða ánægju, er nokkurskonar vitfirring, óvitaskapur, svipað eins og að safna leggjum, skeljum, glerbrotum, einsog óvitabörn og sumir villimenn gjöra. Hitt er annað mál og á ekkert skylt við hið síðastsagða, þó menn oft vinni sér inn fjármuni á öðrum stað en þar, sem þeir eru notaðir, eða þar sem sú nautn, er eg girnist, er alls ekki til, en eg get fengið eða býst við að fá, annarsstaðar en á fjáraflastaðnum. Um tíma legg eg mig þá undir afneitun. Við tækifæri fer eg burt þangað, þar sem ávísanirnar (peningarnir) ganga í skiftum fyrir þráðar nautnir.

Nú er það áreiðanlegt, að yfirleitt þráir ungi lýðurinn glatt líf eins og flestir. Leiðindi eða óánægja, er sjúkdómur, sem allir vilja firrast. Öll heilbrigð fjáröflun stefnir því æfinlega

að því að skifta peningunum fyrir einhverskonar gleði eða velmegun. Það kemur ekki þessu máli við, þó þau slys séu tíð, að fjárafli snúist í öfuga átt við tilganginn, verði til ógæfu. Það eru svo margar sviknar vörur á heimsmarkaðinum, sem ganga kaupum og sölum sem ósviknar; og mannvit og fýsnir mannsins renna ekki ætíð eftir réttum farvegi.

Nú er það viðurkend staðreynd, að sú vinna gefst bezt, sem unnin er af fúsum, glöðum hug, og flestir húsbændur vilja hafa sömu hjúin sem lengst, jafnvel þó þeim sé í einhverju ábótavant. En það, sem heimilunum er holt, það er sveitinni holt. Heimilið eða sveitin má ekki verða verkamanninum að selstöð. Ástin til heimahaganna er sjálfsagðasta sporið til til samræmrar föðurlandsástar. Þessvegna þurfa heimahagarnir að vera aðlaðandi, geta látið í té sem mest af þeim nautnum, sem hver þráir.

Það þykir kostur á hverri sveit og hverju býli, að þar sé hagt til aðdrátta, að uppfylling helzta þurfta sé sem næst. Hver sú sveit, sem ekki getur látið íbúa sínum í té eitthvað það, sem hugur hans þráir, verður vanalega aðeins bráðabirgðar dvalarstaður, hann getur máske aflað þar fjár, en vill ekki eða getur ekki notfært sér það þar. Dvalarstaðurinn verður honum þá nokkurskonar safnílát, sem hann svo einn góðan veðurdag tæmir, og gjörir innihaldið verðgilt annarsstaðar (sbr. ísl. selstöðuverzlanirnar). Svona verður að skoða hverja þá sveit sem getur t. d. ekki veitt þá glaðværð eða skemtanir, sem náttúrleg meðsköpuð þrá æskulífsins í sveitinni, krefur.

Það er að vísu satt, að íslenzkt sveitalíf er fátækt að föngum til að framleiða slíkar nauðsynjar á móts við þéttbýlið og margmennið í kauptúnunum, en áreiðanlega mætti og gæti það verið fjölskrúðugra af þeim efnum, er til gleði mega verða, en það alment er. Einn stærsti tálminn eða vöntunin liggur held eg í því að almenningur hefir ekki opin augu fyrir, að nokkur nauðsyn sé á að fólkið hafi önnur viðfangsefni með höndunum, en að vinna trúlega og svikalaust fyrir sínu háa kaupi, hafi nóg í sig og á og illindalausa viðbúð; og það er satt, að sumir hafa ekki aðrar þarfir en þessar og skilja ekki að nokkur þurfi að hafa þar aðrar eða fleiri eða margbrotnari. En það er einkum gamla fólkið, úr gamla lífsskólanum, sem svona er nægjusamt. Unga fólkið er inndrukkið af öðrum hugsunarhætti. Það veit af og það hefir séð annað skærara ljós bera fyrir augun en kolu- og lýsislampaljósið, sem vér gömlu mennirnir höfðum fyrir sjónauka í

æsku vorri. Unga fólkið litur yfir til bræðranna og systranna í nágrenninu, sér ýmsa nýbreytni og ýmislegt, fagurt á að líta og girnilegt til fróðleiks, gagns og gamans, og það vill fylgjast með. Með þessu er ekki sagt, að allar hinar nýju kröfur séu betri eða heilnæmari, en þær gömlu sumar hverjar. Sum eplin eru auðvitað súr og banvæn, en sum eru líka ljúffeng og hressandi, og þau á að hirða; þar á meðal er saklaus gleðvarð, er fegrar lífið, gleður ástina til þess, eykur innihald þess, og skýrir tilgang þess. Og naumast er nokkur hér svo afturhaldsseggur, að hann þrátt fyrir alla gallana á nútíðarlífinu, myndi vilja kippa öllu aftur í „forna legið" til þess að firrast vankantana á nútíðinni. En hvað sem þessu líður, þá tjáir ekki að „spyrna á móti broddunum". Tíðarandinn er stórveldi, hann er hinn mikli sáðmaður, sem stráir út frækornum sínum hvað sem hver segir, en okkar er að læra að þekkja hveitikornin frá illgresisútsæðinu, gæta þess af alefli að það festi ekki rætur og uppræta það ~~ef það~~ ef það festir rætur. — Vér verðum því að gefa fólkinu tækifæri til gleði og skemtana, það heimtar það, það þarf þess, annars fer það frá oss, er fram líða stundir. Tímans raddir um hátt kaup eru háværar, en engu síður um glaðlegt líf. —

Hvað þurfum vér þá í þessari sveit fyrst af öllu að gjöra? Eg ætla að drepa á fáein atriði að mínu áliti hin bráðnauðsynlegustu ef nokkuð er gjört. Ætlast svo til að þau séu hugsuð, rædd og umrituð, umsköpuð og bætt.

1. — Við þurfum að koma oft saman miklu oftar en við gjörum, og fjölmenna þá. Til þess að hafa sem minst fyrir og kosta sem minstu til eru tíðir kirkjufundir hentugastir, þegar veður og færð leyfa. Eg held að menn gæti þess ekki alment að meta tíða kirkjufundi eins og vert er. Þar geta menn rætt öll sín mál, þar geta menn lífgað upp, styrkt og trygt vináttuböndin, sem fámenni og einangrun setur á blápræði; auk þess líkur til, að þeir fundir sameini oss honum, sem þrátt fyrir alla kirkjulífsdeyfð hverjum manni mun þó hugljúfast að vera sameinaður þ. e. vorum himneska föður. Hans börn og áhangendur viljum vér þó allir vera, þó vér sýnum það illa með tómlætinu að koma oft saman í húsi hans með bræðrunum og systrunum í einni von og trú. Stærstu félags- og framfara frömuðir þessarar sveitar, bræðurnir ógleymanlegu, voru til hinstu stundar, lang kirkjuræknustu mennirnir í sveitinni,

töludu oft um nauðsyn og blessun slíkra funda. Engin minkun fyrir nútíðina að feta í fótspor þeirra. Slíkir fundir efla, glæða og fegra máske einna mest allra funda, alt félagslífið og gefa inni ánægju.

2.— Til þeirra fundarhalda, er ekki geta átt saman við kirkjufundi, svo sem til almennra skemtana þarf fundarhús á hentugum stað í sveitinni, það ætti og að vera þinghús og fundir haldast þar þeir, er sveitarfélagið þarf að halda o.s.frv. Vegna húsleysis er unga fólkið undir fargi, nýtur sín ekki.— Það vill t. d. um fram alt dansa. Nú, jæja, hvað er að því að sprikli, þó tæplega verði dansinn talinn með göfgandi listum, og vafasamt heilsulyf mun hann vera í misjöfnum húsakynnum. En fleira má gjöra í hentugu samkomuhúsi en dansa. Þar kæmi upp með tíð og tíma smá leikritasýningar, slíkir leikir auðga andann, þar má glíma og iðka fleiri íþróttir, þar má tefla og spila, þar má syngja og margt fleira. Að vera öllu lengur fundarhúslaus er tæplega vansalaust.

3.— Við þurfum alþýðu-fyrirlesara af og til.

4.— Við þurfum öflugt lestrarfélag og bókaval gott.

5.— Við þurfum söngfélag með hæfum æfingamanni.

6.— Við þurfum að efla blað vort og eignast góðan fjölrita (Hektograf.)

7.— Við þurfum vistleg húsakynni.

Á þessum undirstöðusteinum mundi rísa ótalmargt til hags og fegurðar, gleði og göfgunar fyrir félag vort.

Stígið ungu menn! nú sem fyrst eitthvert spor í orði eða verki þessu máli til stuðnings. Sérstaklega er það ykkar mál. Hjá ykkur á framkvæmdavaldið að vera, gömlu mennirnir eiga að leggja yður viturleg ráð og sjá um að þér hlaupið— eða dansið ekki af yður tærnar. (Meira síðar um hvert þessara atriða.)

St. M. Jónsson.

# Reikningur.

## um tekjur og gjöld sveitarsjóðs Svínav. hr. 1918 – 1919

### Tekjur:

| | Kr. |
|---|---|
| 1. Eftirstöðvar frá árinu áður | 4351.45 |
| 2. Útsvör eftir niðurjöfnun (104 gjald.) | 3063.00 |
| 3. Hreppsvegagjald | 186.00 |
| flyt | 7600.45 |

| | Kr. |
|---|---|
| Flutt | 7600.45 |
| 4. Hundaskattur | 76.00 |
| 5. Tekjur af eignum: | |
| a. Vextir af peningum kr. 15.31 | |
| b. Afgjald af jörðum " 122.00 | 137.31 |
| 6. Styrkur úr Landssjóði til barnafræðslu | 100.00 |
| 7. Endurgjald á veittum sveitarstyrk | 100.00 |
| 8. Fjallskilatekjur | 578.33 |
| 9. Styrkur til hrútasyninga | 48.00 |
| :/: | 8640.09 |

## Gjöld:

| | |
|---|---|
| 1. Burfámannastyrkur | 635.00 |
| 2. Til mentamála | 433.50 |
| 3. Til vega | 120.22 |
| 4. Til landbúnaðar: | |
| a. fordagasla kr. 58.00 | |
| b. fjallskilakostnaður " 283.56 | |
| c. refaveiðakostnaður " 183.72 | |
| d. klaðaskoðun og böðunareft. 71.00 | |
| e. hrossakynbætur " 13.75 | 610.03 |
| 5. Sýslusjóðsgjald | 996.94 |
| 6. Sýsluvegagjald | 186.00 |
| 7. Bjargráðasjóðsgjald | 70.50 |
| 8. Afborgun | 4300.00 |
| 9. Kostn. við sveitastjórnina | 220.00 |
| 10. Ófáanlegt af fyrri ára tekjum | 8.00 |
| 11. Önnur gjöld: | |
| a. sambandslagaatk. greiðsla 17.00 | |
| b. hrútasyning 64.00 | 81.00 |
| 12. Eftirstöðvar til n. á.: | |
| a. peningar í sjóði kr. 838.80 | |
| b. eign í sparisjóði og stofnsj. 94.10 | |
| c. fyrirframgreiðsla 40.00 | |
| d. ogoldið sveitarútsvar 6.00 | 978.90 |
| :/: | 8640.09 |

## Skýringar við einstaka liði.

| | Kr. |
|---|---|
| Tekjul. 5. Tekjur af eignum: | |
| a. Peningavextir. Síðarinn vextir frá 1918 af sparisjóðsinneign, er var 1 júní '19 að upphæð kr. 386.50 | |
| b. Afgjald af jörðum: | |
| 1. Af Eldjárnsstöðum | 72.00 |
| 2. " Meyjarlandi | 50.00 |
| :/: | 122.00 |

Landskuld af Meyjarlandi er 70 kr. auk 100 faðm² sljettu, en leiguliði má vinna af sjer 20 kr. með 10 dagsv. jarðabótum auk sljettunnar. Nú 14 dagsv. umfram.

Tekjul. 6. Farskólareikningurinn '18-'19.

Tekjur:

| | |
|---|---|
| 1. Styrkur úr landssjóði | 100.00 |
| 2. Frá sveitarsjóði | 333.50 |
| :/: | 433.50 |

Gjöld:

| | |
|---|---|
| 1. Kaup kennara í 97 daga 1/50 | 145.50 |
| 2. Fæði kennara | 221.00 |
| 3. Húsnæði (ljós og hiti) | 24.00 |
| 4. Ýmisleg gjöld: | |
| a. próf kr. 25.00 | |
| b. lakmusskoðun " 10.00 | |
| c. flutn. á kenslutækjum 8.00 | 43.00 |
| :/: | 433.50 |

Tekjul. 8. Fjallskilatekjur:

| | | |
|---|---|---|
| 1. Verð óskilafjár | 1917 | 171.99 |
| 2. Verð ómerkinga | "1918 | 592.13 |
| 3. Vanunnin fjallskil af Sómav. kr. 1918 | | 70.00 |
| 4. Tekjur af fjallskilum fengnum í Torfal. og Bl. ósslr. | | 322.53 |
| :/: | | 1156.65 |

| | Kr. |
|---|---|
| Hluti Torfal. og Bl.óssh. ½ | 578.32 |
| Fjallskiladeildir Svínav.hr. ∴ | 578.33 |
| Tekjul. 9. Svínav.hr. fjelk til hrútasýningar: | |
| a. frá Búnaðarfjel. Íslands | 28.00 |
| b. " Búnaðarfjel. Svínav. hr. | 20.00 |
| ∴ | 48.00 |
| Gjaldal. 3. Sveitarsjóður lagði til vega: | |
| a. Til sýsluvegar í hreppnum | 30.02 |
| b. Til Bugsvegar | 21.00 |
| c. efni í pall yfir hverunum í Svínad. | 4.20 |
| d. mæling á hreppavegum | 35.00 |
| e. viðgerð á veginum í Grandarfl. | 30.00 |
| ∴ | 120.22 |
| Gjaldal. 4 b. Fjallskilakostnaður: | |
| a. eftirleit á Auðkúluheiði að haustinu | 170.00 |
| b. leit á hálsana norðan Friðm.vatna | 26.00 |
| c. eftirleit á Auðkúluheiði á þorranum | 18.00 |
| d. stóðrekstur til afrjettar 1918 | 60.00 |
| e. fólknum fyrir rekstur stóðs í nóv. '18 | 5.00 |
| f. útiningsgæsla | 10.00 |
| g. stóðrjettarstaði og hagi | 20.00 |
| h. viðgerð á skilarjettinni | 16.00 |
| i. gangnastjórn og rjettar- | 35.00 |
| j. rjettardyragæsla | 5.00 |
| k. ferðalög vegna Upprekstrarfjel. | 24.00 |
| l. fólknum til Vatnsdæla fyrir fundar- skepnur 1917 | 11.00 |
| m. fjinggjald Upprekstrarfjel. | 9.11 |
| n. fjallskilakostn. goldinn af Torfalh. | 90.00 |
| ∴ | 499.11 |
| Hluti Torfal. og Bl.óssh. ½ | 249.55 |
| Þá er eftir | 249.56 |
| o. stóðsmölun í des. | 4.00 |
| p. hirðing á stóði í Svínavtshr. (3var) | 30.00 |
| ∴ | 283.56 |

| | Kr. |
|---|---|
| Gjaldal. 4 c. Refaveiðakostnaður: | |
| a. grenjavinnsla í Seljárskarði og Hvammalækjarbungum | 119.50 |
| b. eitrun í Svínadalsfjalli | 2.40 |
| c. refaveiðakostn. goldinn af Torfalhr. | 185.50 |
| ∴ | 307.40 |
| Hluti Torfal. og Bl.óssh. ½ | 153.70 |
| Þá er eftir | 153.70 |
| d. grenjavinnsla í Hvíslum | 30.02 |
| ∴ | 183.72 |
| Grenjaskyttan hafi um sólarhr. 10 kr. | |
| Vökumaðurinn — — — 8 — | |
| Gjaldal. 8. Afborgun: | |
| a. afborgun láns frá Sparisj. Hún. tekins 15. des. '17. (greitt að fullu) | 2000.00 |
| b. afborgun láns frá Sparisj. Hún. tekins 5. ág. '18. (greitt að fullu) | 2300.00 |
| ∴ | 4300.00 |
| Gjaldal. 9. Kostn. við sveitarstjórnina: | |
| a. laun oddvita | 84.00 |
| b. hreppsnefndarfundir, ritföng o. fl. | 81.00 |
| c. hreppaskil vor og haust 1918 | 40.00 |
| d. sveitarfundur | 15.00 |
| ∴ | 220.00 |
| Liðurinn b. sundurliðast þannig: | |
| 3 hreppsnefndarfundir kr. 46.00 | |
| Útbýting kornvöru og sykurseðl. 25.00 | |
| Ritföng 10.00 | |
| Gjaldal. 10. Ófáanlegar tekjur: | |
| Útsvar J. J. Lindals á Holtast. fyrir árin 1916 og 1917 að upphæð kr. 8.00, ófáanlegt samkv. fógetaúrskurði 22. maí 1918. | |
| Gjaldal. 11 b. Hrútasýningin: | |
| Upphæðin verðlaun greidd 7 af 10 synendum „Sveitin“ | |

hefir áður flutt skýrslu um sýninguna.

Gjaldal. 12. Eftirstöðvar til n. á.: d. Útsvar J. J. Líndals á Holtast. fyrir árið 1918–'19.

—"—

# Skýrsla

um eignir og skuldir sveitarsjóðs Svínav. hr. í fard. 1919.

—"—

## Eignir:

| | | Kr. |
|---|---|---|
| 1. Eftirstöðvar samkv. reikningnum | | 978.90 |
| 2. Fasteignir: | | |
| a. jarðir | kr. 3800.00 | |
| b. afrjettarland | " 2304.27 | |
| c. heiðarskálar og nátthagagr. | 470.00 | 6574.27 |
| 3. Aðrar eignir: | | |
| a. eign í Sparisjóði Húnavatnssýslu | kr. 353.19 | |
| b. kenslúáhöld farsk. | " 64.00 | 417.19 |
| | :/: | 7970.36 |

Óendurgoldinn þurfamanna-styrkur kr. 4838.00

## Skuldir:

| | Kr. |
|---|---|
| 1. Eftirstöðvar láns frá landssjóði tekins 1918 | 1575.00 |
| Skuldlaus eign | 6395.36 |
| :/: | 7970.36 |

# Sveitarsjóðsreikningurinn.

—"—

„Sveitin" flytur nú sveitarsjóðsreikninginn. Gerði eg útdrátt úr helstu fylgiskjölunum, þó það taki upp tölumerkt rúm, því jeg tel sjálfsagt, að sveitarbúar vilji alment vita sem nánast um hag sveitarfjelagsins og hvernig fje þess sje varið, & enda telur „Sveitin" það skyldu sína að fræða lesendur sína um þau efni. Let jeg nokkur orð fylgja um leið. Virðist það ekki illa til fallið, þar sem oddvitaskifti urðu í vor, og þetta er síðasti reikningur fráfarandi.

—"—

Skuldlaus eign sveitarsjóðs hefir aukist mjög á árinu ('18–'19), eða um kr. 1374.45. Hin raunverulega aukning er þó ekki nema kr. 774.45, því jarðeignir sveitarsjóðs eru metnar 600 kr. hærra en árinu áður.

Tekjul. 8. hefir nær tvöfaldast kr. 578.33 í staðinn fyrir 300 kr., sem áætlað var, og liggur það í hinu stórum hækkandi verði á óskilafjenu.

Gjaldal. 1. er nálægt helmingi lægri en áætlað var, eða 635 kr. í staðinn fyrir 1200 kr.

Eins og kunnugt er, hafa árin undanfarandi, að ýmsu leyti verið örðug og dýrtíð stöðugt vaxið. Ætla mætti því, að hagur sveitarsjóðsins hefði ekki batnað, eða minsta kosti að gjaldendur hefðu orðið að bera tölu-

vert þyngri byrðar en áður.

Við skulum nú athuga þetta?

Haustin 1915-1918 var jafnað niður útsvörum sem hjer segir:

1915 kr. 2160.00
1916 „ 2110.00
1917 „ 2153.00
1918 „ 3063.00.

Það er þá fyrst 1918, að dýrtíðarinnar gætir við útsvarsniðurjöfnunina, því þá er jafnað niður um 900 kr. meira en undanfarandi ár, en þegar litið er í reikninginn, sjest að eign sveitarsjóðsins hefir aukist á því ári ('18-'19), raunverulega eins og áður er getið, um kr. 774.45, og þarfirnar því í sjálfu sjer ekki vaxið nema um rúmar 100 kr.

Þetta er sú hliðin er að gjaldendum veit. Þá er að athuga hina hliðina, þá sem að sveitarsjóði veit.

Við reikningslok þessara 4 ára, hefir skuldlaus eign sveitarsjóðsins verið:

1915-1916 kr. 3914.30
1916-1917 „ 3965.30
1917-1918 „ 5020.91
1918-1919 „ 6395.36.

Eignaaukningin er þá í fardögum 1919 orðin kr. 2481.06 [1]

Meiri hluti þessarar upphæðar er þó tilorðinn án tilverknaðar sveitarstjórnarinnar, sem sje vegna verðhækkunar fasteigna. Jarðeignir hreppsins voru metnar í fard. 1916 kr. 2400.00, en í fard. 1919 kr. 3800.00. Bein eignaaukning þessara ára er því kr. 1081.06.

Niðurstaðan virtist því vera hin ákjósanlegasta. Getur engum dulist, að fjármálastjórn Jóns—Jónssonar—nefndarinnar, hefir verið í sjerlega góðu lagi.

Af verkum Jóns—Jónssonar—nefndarinnar má nefna: bygging heiðaskálanna, kaup Auðkúluheiðar og stofnun brunabótafjelags (ekki tekið til starfa enn.) Svo sýndi og nefndin sjerstakan áhuga á vegamálum sveitarinnar, og síðasta verk hennar var ákvörðun hreppaveganna.

Bjarni Jónasson.

# Árið 1919.

## Annáll Svínavatnshrepps.

### Fjenaður í fardögum.

Fjenaðareigendur alls 74, þar af 39 búlausir.

| Fjenaðartegundir | Fjenaðartala hjá búendum | hjá búlausum | Samtals |
|---|---|---|---|
| Kýr og kelfdar kvígur | 90 | 1 | 91 |
| Geldneyti eldri en vgl. | 1 | " | 1 |
| Vgl. nautpeningur | 7 | " | 7 |

1.) Skuldlaus eign í fardögum 1916 mun vera oflágt talin, því nátthagagirðingin er þá ekki talin á eignaskýrslu, en girðingin var sett í tíð Jónasar—Bjarnasonar—nefndarinnar. Hluti Svínavatnshrepps af girðingunni hefir verið metinn 120 kr. Höf.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Hálfar | 17 | " | 17 |
| Ær með lömbum | 2397 | 572 | 2969 |
| — geldar | 996 | 197 | 1193 |
| Sauðir og hrútar eldri en vetrg. | 84 | 9 | 93 |
| Gemlingar | 408 | 92 | 500 |
| Hross 4 v. og eldri | 355 | 131 | 486 |
| Tryppi 1-3 v. | 158 | 57 | 215 |
| Folöld | 71 | 17 | 88 |
| Nautpeningur, samt. | 115 | 1 | 116 |
| Sauðfje, — | 3885 | 870 | 4755 |
| Hross, — | 584 | 205 | 789 |

## Meðaltöl

| | Nautgripir | Sauðkindur | Hross |
|---|---|---|---|
| Á hvern búanda kemur | 3.3 | 111 | 16.7 |
| — búlausan framtelj. — | " | 22.3 | 5.3 |
| — hvert heimili — | 3.8 | 153.4 | 25.5 |
| — hvern heimilismann — | 0.4 | 16.8 | 2.8 |

## Fjenaðarhöld.

Fjenaðarhöldin yfirleitt góð. Veturinn fardasæll. Meiri hluti hrossa kom aldrei í hús, en gekk þó sæmilega undan.

Óvanalegs kvilla varð vart í fylfullum hryssum seinni hluta vetrar og drápust einar 6 hryssur í sveitinni af því efni. Bólgnuðu hryssurnar jafnan mjög á kviðnum, og er þær voru krufnar, reyndist lifrin stokkbólgin. Ekki er ósennilegt að askan hafi valdið sjúkdómi þessum, því hans varð ekki vart vestan Svínavatns og Stóradalsháls, en þar fjell askan á töluverðan snjó.

Sauðfje lifði mjög á útigangi til febrúarloka, en úr því mikið til á fullri gjöf fram yfir sumarmál. Mjög var beitin ljett, nema helst til hálsa og notaðist því eigi eins vel og ella. Ljett voru heyin og úrgangssöm, en síld alment gefin með til fóðurbætis. Sauðfje því gefið töluvert mikið, eða um það til eins og í meðalvetri.

Vorhöld ágæt, enda var tíðin hin hagstæðasta um sauðburðinn.

Hausthöld yfirleitt sæmileg, enda tókust fjallleitir vel, nema eftirleit, sem gerð var á heiðina um veturnæturnar. Voru þá komin nokkur snjóalög til afrjettarins, og fengu leitarmennirnir harðviðri, og varð því ekkert af leit á framheiðinni. Í eftirleitinni fundust 3 kindur og 19 hross.

Einstaka menn tóku sauðfje til hýsingar í októberhríðunum (21.-25.), en flestir ekki fyr en í byrjun frostanna í nóvember (um hinn 11.), og var þá þegar farið að gefa.

## Heyföng.

Heyfyrningar alment töluverðar eftir veturinn.

Í fyrstu leit allvel út með grassprettu, því veðrátta

var hagstæð fyrst eftir að batnaði, en er kólnaði kippaði grassprettu mjög og leit hið óvænlegasta út.

Við fyrrislátt voru tún yfirleitt snögg, en þá spratt óvenju vel, svo töðufall varð víðast nálægt meðallagi og sumstaðar vel það.—

Grasspretta á engi yfirleitt rýr, og varð því útheysaflinn víðast töluvert minni en í meðallagi.

Tíðin frekar óhagstæð til heyskapar. Votviðrasamt, svo miklar tafir hlutust af. Hey hröktust þó ekki að neinu ráði, en víða eigi eins vel verkuð sem skyldi.

Heyaflinn talinn:
Taða 5223 hestar
Úthey 10260 —"—.

## Garðávöxtur.

Sáðlandið dálítið frekar en verið hefir, en uppskeran mjög rýr, enda var tíðin næsta óhagstæð til matjurtaræktar.

Uppskeran talin:
Jarðepli 5 tn.
Rófur 19.5 —"—.

Bjarni Jónasson

## Orðaleikur í ljóðum.

1. Háa bergið freyðir foss,
föstu' í línar máti.
Lága bergið kyssir koss,
köldum stynur gráti.

2. Lundin glaða líkist foss
(líkur hraða' og máti).
Mundu það að margur koss
megnar skaða' og gráti.

3. Upp í laut er lítill foss,
leystur þrauta máti.
Fjólublautan færði koss,
— fagna hlaut með gráti.

4. Hækkar róminn Háifoss,
hrindir dróma máti,
fjallablómum færir koss,
— fögur ljóma af gráti.

Ingvar Pálsson

## Gjaldskyld-
## lausafjárhundruð í Svínavatnshr.
## 1919.

Framteljendum raðað eftir hæð gjaldskyldrar tíundar. Talan í sviga fyrir aftan nafn hvers framteljanda er framtalið lausafje hans í hundruðum (+) og álnum. Frá

framtalinu eru fyrst og fremst dregin vanhöld og jarðarkúgildi og svo 1/7 hluti þess, sem þá er eptir (sjöund).

—〃—

42.5 + Páll Guðlaugsst. (56 + 70 ál.)
30 + Hannes Sólh. (38 + 46 ál.)
25.5 + Guðm. Holti (32 + 117 ál.)
25 + Jónas Ásum (32 + 94 ál.)
23.5 + Sigurj. Tindum (33 + 81 ál.)
22.5 + Jónas Litladal (23 + 110 ál.)
21.5 + Jón Stóradal (33 + 58 ál.)
Jón Syðri-l.m. (26 + 39 ál.)
21 + Jón Ytri-l.m. (29 + 11 ál.)
20.5 + Jóhannes Svínav. (36 + 103 ál.)
17 + Þorst. Geith. (21 + 76 ál.)
16.5 + Þorst. Grund (24 + 46 ál.)
15.5 + Guðmann Snæringsst. (20 + 51 ál.)
15 + Jónas Eiðsst. (19 + 60 ál.)
14.5 + Þorl. Stórabúrf. (21 + 99 ál.)
13.5 + Sveinn Mjóadal (16 + 34 ál.)
Joh. Holti (16 + 14 ál.)
12.5 + sra. Stefán Auðkúlu (19 + 102 ál.)
11.5 + Eyþór Hamri (16 + 7 ál.)
11 + Erl. Tunguhesi (13 + 22 ál.)
9 + [illegible] (14 + 12 ál.)
9 + Sigurj. Rútsst. (10 + 100 ál.)
7.5 + Páll Litlabúrf. (9 + 37 ál.)
7 + Ben. Eldjst. (9 + 45 ál.)
Karl Gunnfsst. (9 + 112 ál.)
6.5 + Eir. Sjóhf. (12 + 19 ál.) Ingv. Eldjst. (7 + 95 ál.)
Árni Hárast. (9 + 90 ál.)
Erl. Stórabúrf. (8 + 27 ál.)
6. + Sigurv. Gafli (8 + 57 ál.) Guðm. Syðrilm. (7 + 29 ál.)
5.5 + Jón Litlabúrf. (8 + 22 ál.)
Bjarni Litladal (6 + 105 ál.)

5.5 + Guðrún Syðrilm. (7 + 85 ál.)
Árni Snæringsst. (6 + 80 ál.)
5 + Sigv. Hrafnabj. (4 + 50 ál.) Gísli Þröm (6 +)
4.5 + Vald. Þröm (6 + 55 ál.) Magn. Tungum. (5 + 52 ál.)
Steingr. Sólh. (5 + 80 ál.)
Jón M. Hrafnabj. (5 + 32 ál.)
4 + Ben. Mosf. (7 + 20 ál.) Gunnar Svínav. (4 + 110 ál.)
Lárus Sólh. (5 +) Jón Gunnfsst. (5 + 10 ál.)
Ingim. Litlabúrf. (5 +)
3.5 + Hannes P. Guðlaugsst. (4 + 95 ál.)
3 + Björn Litlabúrf. (3 + 90 ál.) Þorv. Rút. (3 + 60 ál.)
Pálmi Ytrilm. (3 + [illegible])
2.5 + Guðm. Tungum. (3 + 55 ál.) Þorst. Ytrilm. (3 + 45 ál.)
Jón Höllust. (3 + 75 ál.) Ósk Auðkúlu (3 + 30 ál.)
Sigurb. Rútsst. (3 + 40 ál.)
Hinrik Snæringsst. (3 + 10 ál.)
2 + Har. Tungum. (2 + 80 ál.) Theód. Tungum. (2 + 60 ál.)
Kristinn Ytrilm. (2 + 80 ál.)
Jón Guðlaugsst. (2 + 110 ál.)
Jóhannes Mosfelli (3 +)
1.5 + Har. Hamri (2 + 15 ál.) Sveinn Höllust. (2 + 30 ál.)
Sigv. Stórad. (1 + 95 ál.) Lárus Hrafnabj. (2 + 35 ál.)
Jakob Grund (1 + 100 ál.)
1 + Sigurbj. Höllust. (4 + 115 ál.) Ág. Tungum. (1 + 40 ál.)
Stefán Eiðsst. (1 + 80 ál.)
Bergljót Hrafnabj. (1 + 60 ál.)
[illegible]
Guðm. G. Snæringsst. (1 + 40 ál.)

—〃—

Framtalið lausafje samt. 828 + 20 ál.
Gjaldskyld —〃— —〃— 603.5 +.

Bjarni Jónasson

„Sveitin" sveitarblað fyrir Svínavatnshrepp.
Ritstjóri: Bjarni Jónasson.

# Sveitin.

III. árg. | Litladal, í mars 1920. | 4. tbl.

## Kristnistarf og kensla

„Fram framherjar! í fólkorustu
skarið skjöldum skóla og kirkju,
vekið vílmögu af vanadvala,
vekið lýð á heiði!
Fram, fram! fjölmörg bíður
sál í dimmu djúpi.
Fram, fram!“

Nú eru miklir byltingatímar og umrót í mannheimi.

Keisarar velta af stóli einn af öðrum. Ríki sundrast og ný koma upp. Greigalýðurinn grefur undan gömlu þjóðfjelagsskipuninni og flest leikur á reiðiskjálfi.

Hjer í okkar þjóðfjelagi eru líka mikil umbrot og standa þó enn meiri fyrir dyrum, má þar til telja stóriðnaðinn, sem enginn veit hvaða áhrif hefir, og ef til vill niðurlagningu þjóðkirkjunnar, sem rætt var um á síðasta þingi og átti fjölda formælanda.

Á slíkum byltingatímum er mörgu gömlu sópað burtu og undirstaða framtíðarinnar lögð. Er það oft gert rasandi ráði.

Það er því aldrei brýnni þörf en nú, að hver maður leggi sig fram að hugsa um framtíð sína og stærri og minni mannfjelaga, þjóðfjelagsins, sýslufjelagsins og ekki síst sveitarfjelagsins, ella eiga menn á hættu, að þær breytingar sjeu skollnar á áður en varir, er þeir síst kysu, eða jafnvel að þeir sjeu orðnir andlega eða efnalega að undirlægjum þeirra manna er betur hafa þekt köllun tímanna og fært sjer hana í nyt.

Hver er nú köllun tímanna til sveitarfjelagsins okkar, eða hvernig höfum við eða eigum að leggja undirstöðu framtíðar þess?

Þessari spurningu verðum við að svara, ella verður það blind hending, sem ræður.

Efnalegu undirstöðuna höfum við verið að leggja síðustu 80 árin með ýmsum fjelagslegum framkvæmdum og dugnaði einstakra manna í búskap.

Af framkvæmdum í sveitinni má fyrst telja stofnun búnaðarfjelagsins, sem er eitt okkar skærasta hrós

því það er elst slíkra fjelaga á landinu og hefir gert ómetanlegt gagn beint og óbeint, þó það virðist steindofandi nú.

Þá er stofnun kaupfjelagsins, sem runnin er frá bestu mönnum sveitar okkar á þeim dögum, besti hornsteinninn undir efnalega framtíð okkar, um leið og hún er mannúðlegasta verkið, sem unnið hefir verið í fjelagsmálum hjer og stuðlar mjög að þróun borgaralegra dygða, samúð og samviskusemi.

Loks höfum við síðari árin komið á ýmsum einstökum nytsemdarstofnum fyrir sveitarfjelagið með samvinnu, svo sem samgirðingum, forðasamþykt, brunabótasamþykt, hjúkrunarfjelagi og vegasamþykt o. fl., sem áreiðanlega eiga tilveru sína að meir eða minna leyti að þakka kaupfjelagsskapnum.

Með öllu þessu höfum við sýnt ljóslega, að við höfum töluvert hugsað um að búa okkur efnalega undir framtíðina, eða í verklegum efnum, og við höfum fundið grunnsteininn mikla samvinnuhugsjónina, sem mun fleyta okkur yfir flest sker framtíðarinnar, ef við aðeins verðum nógu vel mannaðir og siðferðisgóðir.

Aftur á móti höfum við lítið hugsað um að búa okkur andlega undir framtíðina með því að manna og betra fólkið.

Reyndar brá sólfögrum glampa upp af litraunum nokkurra Blöndæla litlu eftir 1840 (1846?) til að auka mentun sína með stofnun Blöndudalslestrarfjelagsins og ritgerðum ýmsra fjelagsmanna um ýmisleg nytsemdarmál, er lesnar voru svo upp á fjelagsfundunum. Fjelag þetta fjell þó um eftir nokkur (10?) ár, líklega vegna þess að menning almennings hefir staðið oflangt að baki menningu forkólfanna.

Mjög lofsverðar voru litraunir Framfarafjelagsmanna og stofnanda Kvenfjelagsins upp úr þúsundárahátíðinni til sjálfsmentunar og hafa eflaust borið mikla ávöxtu, en fjellu um, þegar hinir fyrstöldu fóru út í lífið og hinir síðari týndu tölunni.

Síðan hefir lítið orðið opinberlega vart áhuga í sveitinni á andlegum málum eða uppeldi lýðsins.

Landslögum er að vísu fylgt um kristnistarf og kenslu að nafninu, en sleifarlag er á því öllu saman, og svo er að heyra á ýmsum sem þeim þætti best að kristnistarf og kensla væru komin veg allrar veraldar, svo að ekkert þyrfti til þess að borga og fáir þrá nokkura umbót í þeim efnum

að minsta kosti er lítið á það minst í „Sveitinni" og er þó all-einkennilegt, þar sem hvort starfið hefir sinn launaðan fulltrúann.

Þegar til alls kemur skiftir þó mestu, að fólkið sje vel mannað og drengir góðir, því að af hugsun og hugarfari spretta framkvæmdirnar og fara auðvitað eftir því. „Rotið trje getur ekki borið góðan ávöxt."

Mjer verður því fyrir að biðja „Sveitina" fyrir nokkur orð um alvörumálið mikla kristinstarf og kenslu, ef verða mætti til að vekja frekari hugsun um þau og umræður.

*

Á þingmálafundi á Blönduósi í vor, er leið, lá við að kæmi fram áskorun til þingsins um að leggja niður Auðkúluprestakallið, frá embættismanni á Blönduósi, en fórst þó fyrir þegar til kom í það sinn. Auðvitað má samt búast við svona tilbögu næst, og hún á víst fylgi sumra áhugamanna hjerna í sveitinni. Kæmist áskorun þessi í framkvæmd fengjum við líklega þjónustu næsta prests fyrst um sinn, þó að hann hafi nú all-stórt kall fyrir.

Þar sem svona bylting er í loftinu, er full ástæða til að gera sjer ljóst hverju það geti skift, hvort við höfum prest innsveitis eða ekki.

Starf prestsins á að vera að efla af alefli kristna trú og siðgæði í söfnuðinum með orðum og eftirdæmum. —

Nú eru skiftar skoðanir manna um sannleik og mikilvægi kristinnar trúar. Benda sumir til þess, að ýmsir mestu menn heimsins hneigist frá henni.

Aftur munu flestir góðir menn og hugsandi þrá eitthvað fullkomnara en lífið eins og það er, eintómt matarstrit. Sýna það best hinar miklu sálarrannsóknir nútímans. —

Varla verður því heldur neitað, að fjölda fólks hefir kristnatrúin verið aðalhuggunin og styrkurinn í hretviðrum lífsins:

„Og enn þá leggur blæinn inn þýða af hógværð hans
um hjartarót hvers einasta líknarþurfa manns."

Þungamiðjan í kenningu Krists — lífstaugin í trúarbrögðunum — er eins og við vitum: að elska guð og mennina og leita hins sanna og rjetta, ef þessi hugsun gegnsýrði mannlífið, mundi flest böl þrotið og þá væri borgið siðgæðinu, sem allir góðir menn telja hyrningasteininn undir mannfjelagsskipuninni. —

Jeg veit nú ekki hvernig við öllum frekara að stuðla að því að koma þessu í framkvæmd en með því að hafa vel mentan mann í sveitinni, sem sýnt og heilagt reyndi af eldlegum áhuga að koma þessu kærleikans lundarfari inn hjá okkur.

Sumir kunna nú að segja, að reynslan bendi ekki í þessa átt, því að þrátt fyrir presta, þá sje kristnilífið ekki blómlegra en það, að kirkjurækni sje afarlítil, húslestrar því sem næst úr sögunni, húsvitjanir sama sem úr sögunni og komið sje að eins nafni á uppfræðing barna í kristindómi, rjett fyrir ferminguna, að öðru en því, sem skólinn kann að grípa í hana. Kristnistarfið líti því ekki út fyrir að hafa djúp áhrif á hugarfar fólksins.

Þessu er nú illt að mótmæla, og enginn mun óska þess heitara að þetta væri í betra lagi en presturinn sjálfur. Ræturnar að að ástandinu standa djúpt og í ýmsar áttir og sennilega með fram til okkar safnaðarmanna sjálfra, við höfum ekki æskt eftir fjörugu safnaðarlífi, en víðar liggja ræturnar, þó gagnslaust sje um það að deila. Nær er að íhuga hvort engin ráð sjeu til að gera kristnistarfið ávaxtasamt.

Fyrsta skilyrðið fyrir því, að kristnistarfið verði ávaxtasamt er að við viljum að svo verði; finnum til þess, að við sjeum í kristnu fjelagi og eigum að stuðla að því, að það beri sem blómlegasta ávöxtu. Þá mundum við styðja prestinn að hverju góðu verki í söfnuðinum, þó að hann að sjálfsögðu eigi að vera lífið og sálin í því öllu og annast mest allar framkvæmdirnar.

Mestu skiftir því um kristnistarfið í framtíðinni, að næsti prestur verði starfi sínu vaxinn, því að núverandi prests nýtur auðvitað ekki lengi við úr þessu. Annars hefði hann að sumu leyti verið fallinn til umbóta, ef hann væri á yngri árum.

Presturinn þarf um fram alt að minni hyggju að vera fullur kærleika, eða mannvinur í orðsins bestu og fullkomnustu merkingu.

Þessi kærleikur má auðvitað ekki vera nein aðgerðarleysis elska, heldur koma fram í lífinu þannig, að prestinum verði það beint kappmál að nota hvert tæki, færi til að verða hverjum einstökum, ungum og gömlum í söfnuðinum eitthvað til þægðar eða gagns, svo að söfnuðurinn finni, að presturinn sje besti bróðirinn, er geri sjer annt um hvern einstakling í hverri

rann og aldrei bregdist sjett-
mætu trausti nokkurs manns.
(sbr., Sá er fremstur vill vera ydar
á medal, hann skal vera allra
þræll." Mark. 10, 45 og „þótt jeg
sje óháður, hefi jeg gert sjálfan
mig að þjóni allra til þess að jeg
ávinni þess fleiri." 1. Kor. 9, 19.

Sje presturinn nógu mik-
ill manninum verður mest alt
fengið. Bein afleiðing verður þá,
að hann verður samgróinn söfn-
uðinum og skoðaður bæði af
sjálfum sjer og öðrum einn
af söfnuðinum en ekki „fyrir
utan og ofan með þurradramb"
eins og stundum vill verða.
Hann húsviljar þá iðulega,
ekki sem barnafæla, heldur
vinur til að kynnast sínu
fólki og gleðja það og leiðrjetta
misfellurnar og gallana, sem
kunna að vera í fari okkar, svo
sem lausmælgi, róg, kæruleysi
(t. d. um heiðarleik hvunadar),
óorðheldni, ósamnsögli, sjerhlífni
í einkastarfi og opinberu (t. d.
lúndarsvik) o. fl.

Þá mundi presturinn leggja
mikið á sig til að koma lagi
á kirkjusöng og alt er gelti-
laðað að kirkjan. Þá mundi
hann telja sig sjálfkjörinn for-
göngumann allrar mannúðar-
starfsemi í sveitinni.

Mesta áherslu mundi
presturinn þó leggja á hið kristilega
uppeldi barnanna (fermingar-
undirbúninginum) þ. e. að hafa
sem best áhrif á hjartalag og
tilfinningar barna, en ekki
láta sjer nægja fræðsluna eina
(sbr. Synodus erindi Sig. háskólakenn-
ara Sivertsens 1913) og trúi jeg
ekki öðru en að hann verði fús
3 stundum á viku ~~til~~ hveri
að velsinnum til þess starfs,
ef hann ætti þess kost og þá
notaði hann líklega tækifærið
til að kenna börnunum ein-
raddaðan kirkjusöng, er væri
in mesta nauðsyn, því svo
geta flestir sungið í kirkju og
veldur nokkuru um það þessi
mikilmenska að vilja altaf syngja
margraddað. –

Af starfi prestsins mundi
svo leiða meira kristnidaga á heim-
ilunum, svo sem húslestra, en
bráð og brýn þörf væri þá á nýjum
bókum til þess.

Ekki trúi jeg öðru, væri
kristnistarfið rækt með þess-
um hætti, en að flestir mundu
telja það þá gudsblessun, er þeir
mættu sist án vera. Hinsvegar
hljóta allir að sjá, að prestinum væri
kleifara að rækja það þannig bú-
settum hjer í sveitinni, heldur en
væri hann búsettur annarsstaðar
og þyrfti auk þess að verja mestum
tíma sínum til annara en okkar.

Jeg get því ekki annað en verið
mótfallinn niðurlagningu Lundarbre-

prestakallsins, enda sparaði það okkur engin gjöld. —

Aftur væri hugleikið að við fengjum sem bestan prest, þegar núverandi prestur lætur af störfum, og jeg vildi að samið yrði við hann að ýmsu leyti t. d. um að söfnuðurinn gæti sagt honum upp með ákveðnum skilyrðum o. fl. —

II.

Áður var að því vikið, að af hugsun spretta framkvæmdirnar og fara eftir henni.

Næst því að gera hugarfarið gott ríður því á að glæða hugsun manna svo að þeir venjist á að hugsa ljóst og rjett. Hygg jeg að allir geri sjer ekki ljóst hvaða áhrif þetta mætti hafa á daglegt líf og dagleg störf.

Til að þroska hugsunina telja flestir, sem best hafa kynt sjer uppeldismál, heppilegast að láta börn og unglinga stunda ýmiskonar nám og er þá helst hylst til að láta þá læra það sem oftast kemur að gagni í lífinu. Vegna þess að miklu ódýrara er að missa börn og unglinga frá vinnu og uppeldisfræðingar telja það ekki vel fallið til námsins, hafa flestar menningarþjóðir lögleitt fræðsluskyldu barna innan 14 ára aldurs. Svo er og hjá okkur.

Fræðslulög vor leggja mesta áherslu á kenslu móðurmálsins og reikningsins, enda þurfum við oftast á þeim greinum að halda í daglegu lífi og fátt er eins vel fallið til að hvessa skilninginn eins og spreyta sig á að semja skýrslulegar og ljósar, málvillulausar ritgerðir um kunn efni og reikna reikningsdæmi eins og lífið leggur þau til, sem þarf því hugsun við. Jafnframt þessu námi þurfa börn að læra ýmislegt til að hafa not bóka og jafnvel samtals, auk þess sem allir þurfa að læra algenga vinnu og umfram alt að verða siðferðislega góðir menn.

Allir foreldrar eru nú skyldir til að stuðla af fremsta megni að hvers konar þroskun barna sinna og ættu síst að vanrækja þá skyldu. —

Sumir segja að heimilin sjeu einfær um ~~það~~ uppeldi barnanna, sem er þó mesta vandastarfið í heiminum, en því fer mjög fjarri, þar sem ýms börn 10 ára eru illa að sjer, bæði í lestri og skrift.

Á flestum bæjum hjer hafa heimamenn svo mikið að gera, að þeir komast illa til að kenna börnum, og jeg vona að jeg móðgi engan, þó að jeg segi sem satt er, að þeir eru ekki margir í sveitinni, sem færir eru um að kenna börnum alt sem fyr er nefnt svo í lagi fari og þó eru það aðeins lágmarkskröfur fræðslulaganna til þekkingar og þroska hvers fullvita barns áður en það tekur við stjórn á sjálfu sjer.

Það er því ekki undanfæri að fá kennara handa flestum börnum, og þá skiftir mestu, að kennarinn sje siðferðis-

lega góður maður og starfinu sem best vaxinn, en þess háttar menn eru fáir á baðstófunum og dýrir, það verður því að sameina börn frá hæfilega mörgum bæjum til kennarans í einu, svo að kostnaðurinn væri ekki úr hófi; enda er samvera barnanna og það að hleypa heimdraganum þó stutt sje farið, meira þroskandi en margur hyggur.

Við hjer höfum nú hópað fræðsluskyld börn saman á einstaka bæi til náms.

Á því fyrirkomulagi eru margir annmarkar:

Fyrst það að altaf eru mestu örðugleikar að fá bændur til að taka farskólann, svo eru húsnæðin, sem skólinn fær altaf meira og minna óhentug, oftast baðstofuhús, sem sofið er í á nóttum, og eru því beint af þeim sökum óhæf til kenslu, auk þess dimm og veggjalág, svo hlýleg kensla við og við að truflast og kennari hefir ekki ráð yfir kenslustofunni, nema 5–6 stundir á dag, sem er mjög óheppilegt, því að hann ætti helst að vera með börnunum allan daginn. Loks hefir ekki verið hægt að kenna nema fáum börnum á hverjum stað, svo að kenslunni hefir ekki notast sem skyldi.

Versti annmarkinn er þó ef til vill sá, að erfitt hefir verið að flokka börnin á staðina eftir aldri og þroska, svo að saman hafa verið börn á alls konar þroskastigi og truflað og tafið hvert fyrir öðru. Getur þó svo farið að börnunum fari mjög lítið fram sumstíma skólaverunnar í sumum námsgreinum, vegna þess að þau verði að fylgjast með öðrum, sem skemmra eru á veg komin, svo allir sjá hve óhefilegt slíkt er.

Þess skal getið að heimilin, er tekið hafa skólann hafa gert flest fyrir hann, er þau gátu, en þau vantar flest skilyrðin til að hafa hann. Húsakynni eru víðast í þrengsta lagi handa heimamönnum, hvað þá skóla að auki; og fólkið hefir nóg að gera, þó að hirðing á skóla og uppeldi barna bætist ekki við.

Jeg sje nú ekki að bót verði ráðin á þessum annmörkum með öðru en að reisa skólahús, þó að dýrt verði, og þetti mjer ekki undarlegt þó að einhverjum hrylti við kostnaðinum við það, því að jeg er sjálfur ekki laus við hroll. Við þurfum svo mikið að framkvæma á þessum tímum, svo sem vegalagningunna, sem ganga verður að með öllu því kappi og drengskap sem við eigum til, o. fl., og arðurinn af búskapnum undurlítill, en erfiðleikarnir við hann því fleiri; svo sem harðindin núna o. fl.—

Dýrast er þó ef til vill að hafa börnin ver mönnuð en ~~skyldi~~ hægt er, þegar þau leggja út í lífið, því að á þeim veltur þó mest um framtíðina.

Kaupstaðarlýðurinn gerir gys að bændamenningunni og telur okkur vanfærustu stjettina. Við ættum því að gjalda alls varhuga um að þau ummæli sönnuðust ekki.

Suma hryllir líklega við fleiru en skólahúsið, en kostnaðinum, svo sem því að fela börnin sín ung og vanþroska umsjá kennarans meðan náms-

skeiðið stendur yfir og sá hrollur lýsir ekki öðru en lofsverðri foreldraumhyggju og sje kennarinn ópeklur eða nýsprunginn úr skóla, er slíkur hrollur ekki ástæðulaus. Mikil bót er þó í máli, að allir kennarar hafa lært uppeldisfræði og hefir því verið kent að fara með börn, að því leyti sem það verður kent. Þeir ættu því fljótlega að verða færari til þess að annast börn en hver óvalinn heimilisfaðir og því ekki hættulegra að fela þeim börnin en hinum og öðrum heimilum eins og nú er með ómögulegum húsakynnum.

Aldrei verður þó of mikil áhersla á það lögð að fá sem bestan mann til að stjórna heimavistarskóla og tryggja sem best eftirlit með því að hann reki starfið vel.

Kennarinn þarf að vera mesti barnavinur og fyrirmynd í dagfari og vinna starf sitt af lífi og sál.

Mjög miklu skiftir að kennarinn haldi áfram kenslu árum saman, en hætti henni ekki þegar þeir eru orðnir leiknir í henni og farnir að venjast því að fara með börn, því að æfingin og lífsreynslan gera menn færari til kenslu eins og annars.

Jeg sje ekki líkur til að kennarar verði fastir í sessi, nema þeir geti haft fullkomna atvinnu í sveitinni, svo að þeir geti framfleytt fjölskyldu.

Þetta gæti hugsast með því að laun kennara væru svo há, að þau ein nægðu, en til þess stendur kenslan of skamman tíma af árinu.

Helt virðist liggja nær að tryggja kennaranum einhverja aukaatvinnu, er hann geti unnið að að sumrinu, sem hjer gæti varla verið önnur en búskapur, en þá verður að gæta þess vel, að hann verði ekki of stórfeldur, svo að hann taki ekki um of hug kennarans frá skólanum.

Skólann þarf því að reisa þar, sem hann gæti haft það miklar landsnytjar, að kennari hefði nóg við að starfa að sumrinu, en það er nú hægra sagt en gert, því að einstakir menn eru tregir til að selja af jörðum sínum og margir eru líka vantrúaðir á nýbýlastofnun. Þó hafa tveir menn sótt um land á vestanverðum Sljettárdal og boðist til að koma þar upp býli á fárra ára fresti. Sje jeg ekki að slíkt væri ókleift sveitarfjelaginu og kennara.

Aftur á móti væri æskilegast, ef hægt væri að fá part af túni (2-3 kýrfóður) og lítilsháttar afnot önnur. Þess mun nú ekki víða kostur.

Helst kynni það að vera á Auðkúlu, bæði af því hún er opinber eign og búskapurinn á náttúrlega ekki að vera prestinum nema aukastarf, svo jörðin er stærst allra jarða í sveitinni og þyldi því líklega flestum fremur að missa land.

Sá galli er á Auðkúlu, sem skólasetri, að þar er ekki mótak og að hún er ekki vel í miðju sveitarinnar

og kæmi það sjer vest vegna þess, að húsið yrði notað til funda og samkoma.

Aftur ætti það að vera ómetanlegur kostur, að skólinn yrði undir handarjaðrinum á prestinum, og hann ætti þá að sjálfsögðu að kenna óskyrðis kristindóminn eins og áður er vikið að og hafa mikilsvert eftirlit fyrir sveitina með starfi kennarans. –

Að sjálfsögðu yrði þá prestur og kennari hvor öðrum til andlegrar uppbyggingar, andlegu lífi sveitarinnar til stórblessunar.

„Hjer veldur sem ætinlega ákaflega mikið undir því komið að þessir menn verði samhentir. Og það eitt óttast jeg um heimavistarskólana, ef einhverir slíkir meinbugir lædust inn, svo sem sundurlyndi kennara, prests, skólanefndar, eða að heimilislífið færi í ólagi. Það riði þess mikið á, að kennarinn væri vel valinn í upphafi, og að hann kvænlist vel,“ segir gamall, sunnlenskur fyrirmyndar prestur og kennari í nýkomnu bréfi til mín, og geta líklega flestir gert þau orð að sínum. –

Álitamál getur altaf verið um, hvað kenna skuli í skólanum, en auk móðurmálsins og reikningsins, sem eiga að vera aðalnámsgreinar, mundi jeg leggja áherslu á að söngur, þar á meðal sálmasöngur væri kendur og jafnvel handavinna, svo og saga þjóðarinnar og jafnvel sveitar og sýslu, til að vekja sem mesta ást á sveitunum, en fremst af öllu verður skólinn að innræta börnunum kristilegan mannkærleika og siðgæðisþrótt og brennandi löngun til að verða sjer og öðrum (einstaklingum, sveitarfjelaginu og þjóðfjelaginu) að sem mestu gagni í lífinu.

Jeg hefi ekki minst á hvað skólahús mundi kosta nje rekstur skólans, af því að allar áætlanir verða sjer til skammar á þessum dögum. Sveinsstaðahúsið kostaði um 9000 kr. 1915–'16, en væri helst lítið handa okkur, því að okkar hús þyrfti að taka 15–20 börn í heimavist og kennarafjölskyldu.

Landssjóður leggur til þriðjung eða helming kostnaðarins.

Reksturkostnaður ætti ekki að verða meiri en nú, sem nokkru næmi.

Til mála gæti komið að selja Ellðjárnsstaði, og þá fengjum við all-mikinn hluta þess, er við þyrftum að leggja fram.

Annars veltur ekki alt á stofnkostnaðinum, heldur hinu hvort fyrirtækið verði til blessunar. Sje svo komumst við einhvernveginn út af því að borga.

„Skólahúsið verður sjálfsagt dýrt, en furðu lítið hefir mjer oft fundist sjá á nöfn-

um til langframa, þó að þeir skaðist í eitt skifti um 1-2 gripsverð, og þætti mjer ekki ólíklegt að hreppurinn stæði nokkurn veginn rjettur eftir þó að hann byggði húsið einn", segir fyrnefndur prestur og kennari. —

* * *

Jeg hefi nú gerst svo djarfur að hefja umræður um kristnistarf og kenslu, og dylst mjer ekki að jeg hefi þar færst helsti mikið í fang. Mál þessi eru viðkvæm í mesta lagi og því vandi um að tala að engum líki miður. Löngun mín hefir þó verið að móðga engan mann, hvernig sem tekist hefir.

Málin eru líka vandamál þau in mestu og dettur mjer ekki í hug að segja að jeg hafi bent á leiðina einu rjettu úrlausn, þó að jeg hafi gert það eftir því sem jeg hefi getað. „Þeir sem betur kunna, munu betur gera".

Málin eru tvímælalaust mestu nauðsynjamál okkar, og á því hvernig ræðst um þau veltur mest um framtíð sveitarinnar okkar og þjóðar. Vona jeg því að ~~mönnum~~ mjer verði fyrirgefið þó að jeg hugsi nokkuð um þau og minnist á þau við almenning.

Jafnframt þykist jeg fullviss þess, að flestir sveitarbúar, karlar og konur, vilji eitthvað um þau hugsa og leggja sinn skerf til að þau ráðist sem best.

Þætti mjer æskilegt að menn skrifi um þau í Sveitina, því að almenningur hefir miklu meiri not rólegra og rökstuddra blaðagreina frá ýmsum hliðum, sem þeir geta íhugað í næði heima, heldur en að meira og minna fljóthugsuðum ræðum á fundum, þó að til þeirra væri stofnað.

Sjerstaklega mæli jeg þetta til andlegu starfsmannanna, er línur þessar sjá, prestanna beggja og kennarans, svo og til allra hugsandi manna, einkum þeirra sem væru hugmyndum mínum meira og minna andvígir, því að þeir mega ómögulega selja ljós sitt undir mæliker.

Að sjálfsögðu mundu miklar umræður um þessi mál, verða þess valdandi, að fjölga þyrfti tölublöðum Sveitarinnar fram á vorið, en jeg vona að ritstjórinn horfi ekki í það, þegar um stórmál er að ræða, því að hann er enginn „aktaskrifari".

Jón Jónsson

# Menningarmálin.

Í síðasta tbl. Sveitarinnar í fyrra vetur skrifaði jeg greinar með fyrirsögninni: „Fræðslumál". Var það upphaf á greinabálki um þau efni, þar sem rætt var um fræðslu barna og unglinga frá almennu sjónarmiði. Í síðari hluta greina þessara ætlaði jeg svo að taka fræðslumál okkar Svínvetninga til meðferðar, gera grein fyrir göllunum á núverandi kenslutilhögun og koma svo að lokum fram með umbóta tillögur.

Í vetur frestaði jeg svo frekari umræðum um málið að sinni, af því að jeg vissi, að formaður fræðslunefndar hafði tekið fræðslumál okkar til rækilegrar íhugunar og hafði í undirbúningi ritgerð um þau efni, en jeg vildi einmitt gefa honum fyrstum orðið um lausn þessa mikla vandamáls.

Vona jeg að menn lesi ina ágætu ritgerð Jóns í Stóradal: „Kristnistarf og kensla" með fullri athygli, og vænti jeg þess, að sem flestir láti til sín heyra um málið og sendi Sveitinni línu. Er hverjum, sem eitthvað vill leggja til málanna, heimilt rúm í blaðinu. Mun jeg ekki telja eftir mjer að láta enn koma út í vor, ef á þyrfti að halda, 1-2 tbl. af Sveitinni.

+

Góðir sveitungar! Jeg vona að öllum ykkur sje ljóst, að kirkju- og kenslumálin eru þó þau málin, sem mestu varða, sú undirstaða, sem öll önnur bygging verður að hvíla á, ef vel á að fara.

Svínavatnshreppur var um eitt skeið brautryðjandi á búnaðarmálasviðinu, og Svínvetningar hafa síðan jafnan verið taldir atorkusamir og góðir búmenn.

Nú er tækifæri til að sýna að við hugsum þó ekki mest um blessaðar ærnar eins og sumir hafa viljað bera okkur á brýn.

Svínvetningar stofnuðu fyrsta búnaðarfjelagið á landinu, og munu þess jafnan verða minst með virðingu og þökk.

Við gætum einnig orðið brautryðjendur á fræðslumálasviðinu, því sannið til, að í sveitum með líkri aðstöðu og hjer eru heimavistarskólarnir eina leiðin, markið, sem allir verða að ná.

Kæru foreldrar! Jeg veit að ykkur þykir ekki eins vænt um neitt og börnin ykkar. Þau eru þungamiðjan í lífi ykkar. Fyrir þau viljið þið leggja flest eða alt í sölurnar, enda eru þau dýrasti arfurinn sem þið látið eftir ykkur.

Þú móðir! Marga næturstundina hefir þú vakað yfir börnunum þínum á meðan að aðrir nutu hvíldar og drauma, og samt hefir þú ef til vill risið fyrst úr rekkju að morgni, og þó þú hafir oft verið þreytt, þá hefir þú þó verið ánægð og glöð, því að það voru börnin þín, sem ættu í hlut.

Þú faðir! Margan svitadropann hefir þú felt um dagana, en svitadroparnir hafa þó jafnan verið þjer til ánægju, því að börnin þín hafa heimt þá.

Já, þið foreldrar! Alt líf ykkar er í raun og veru ekki annað en bar-

átta fyrir börnunum ykkar, og ekkert er ykkur því jafn hugleikið og að þau geti orðið sem bestir og nýtastir menn. Uppeldi barnanna ykkar er ykkur því mesta áhyggjumálið, því að þið minnist hins fornkveðna, að „lengi býr að fyrstu gerð."

Presturinn og kennarinn eru samverkamenn ykkar. Jeg veit að þið viljið fara ykkur, sem best í nyt aðstoð þeirra.

Þið vitið öll, að heimilin geta ekki rækt fræðslu- og menningarstarfið upp á sitt eindæmi, að þau eru alment hvorki fær um það nje geta annað því vegna lífsstritsins. Svo hygg jeg og að þið finnið, að málum þessum er enn illa komið, að aðstaða samverkamanna ykkar við fræðslu- og menningarstarfið er næsta örðug og árangurinn af erfiði þeirra því stórum minni en verið gæti.

Góðir sveitungar! Nú hefir ykkur verið bent á, í ritgerðinni hjer að framan, hvernig ráðin skuli bót á þessu. Heimavistarskóli á Auðkúlu, – það er markið.

Jeg trúi ekki öðru en að prestarinn og kennarinn gæti þá komið mjög miklu góðu til leiðar, ef þeir væru nýtir menn og samhentir, og það þurfa þeir að vera. –

Jeg legg einmitt mjög mikið upp úr samstarfi prests og kennara. Störf þeirra grípa ~~einmitt~~ töluvert inn í hvort annað. Áhugamál þeirra falla því mjög saman, og ætti þeim því að vera stór styrkur að návist hvors annars. Jeg veit að þannig er það með kennarann, og mjer finst að svo muni það einnig vera með prestinn.

Aðstaða prestsins við kristnistarfið mundi áreiðanlega verða stórum betri, ef skólinn væri reistur á prestsetrinu. Það er ekki einungis það, að aðstaða prestsins við fermingarundirbúninginn batni, því að jeg trúi ekki öðru en að kirkjurækni mundi stórum aukast. Börnin munu draga foreldra og systkini að, og svo mun fleira á eftir koma.

Kirkja og skóli, prestur og kennari saman, þar sem því verður við komið, það hygg jeg rjettu leiðina. Margir prestar munu og vera á sömu skoðun. Man nú sjerstaklega eftir góðri grein um það efni í Lögrjettu frá síðastl. sumri eftir síra Eirík Albertsson á Hesti.

Kæru foreldrar! Góðir sveitungar! Jeg treysti því að þið athugið mál þetta sem vandlegast, og jeg vona að þið komist öll að þeirri niðurstöðu, að með framkvæmd tillögu þessarar stuðlið þið að gæfu barnanna ykkar og heill og heiðri sveitarfjelagsins okkar.

Bjarni Jónasson

---

Sveitin,
sveitarblað fyrir Svínavatnshrepp
Ritstjóri: Bjarni Jónasson.

# Sveitin.

III. árg. | Litladal í apríl 1920 | 5. tbl.

## Skilarjettin.

Skilarjettin okkar stendur í Stóradals-landi, á eyrunum sunnan við Svínavatn og á eystri bakka Sljettár.

Rjettarstæðið er framúrskarandi gott, harðlent og sljett. Aðstaðan er sömuleiðis mjög góð, þetta rjett um miðbik og á fegursta blettinum, sem til er í sveitinni. Þarna ætti því rjettin að standa um aldur og æfi.

Talsverður ókostur er að rjettinni fyrir bóndann í Stóradal. Þrátt fyrir það þó hann fái þó nokkuð af töðu úr dilkum og nátthaganum, þá vegur það ekki nærri upp á móti þeim óþægindum, sem umferðin um nesið — aðalengi Stóradals — gerir honum. Eftir að fleiri tugir og jafnvel hundruð af hestum hafa gengið sjálfráðir heilan dag í nesinu, þá er ekki um neinar engjar þar að tala og illfært er fyrir bónda, ~~þar~~ sem að eiga nokkurt hey yfir rjettirnar, nema það verði fyrir stórskemdum. Hann verður því, hvernig sem átendur að binda alt heim fyrir rjettir og hætta þá heyskap, og er slík óþægindi ekki hægt að meta til peninga.

Það er því ekki að ástæðulausu að bóndinn í Stóradal hefir nú krafist að að girt verði þannig, að hross rjettarmanna vaði ekki um alt engið, annars mun hann neita um rjettarstæði. Samningar um þetta munu óklárir

um, og vildi jeg því nota tækifærið, til að koma með þær tillögur, er jeg álít heppilegastar í framkvæmd.

### Girðingin.

Að undanförnu hafa hrossin leikið lausum hala um allan flóann og nesið kringum rjettina, og þó hefir það komið fyrir, þrátt fyrir góða hagana, að klárarnir hafa labbað heim á undan húsbændunum, en þeir svo orðið að ganga heim til sín.

Fyrir utansveitarmenn getur það verið mjög hvimleitt að tapa þannig hestum sínum, og flestir munu hafa svo mikið að starfa rjettardaginn, að tími vinst ekki til að líta eftir reiðhestunum. Mjer finst því sjálfsagt, að viss blettur sje afgirtur handa hestum rjettarmanna, svo menn sjeu ugglausir að tapa þeim ekki.

Jeg hefi heyrt að til umræðu hafi komið hjá hreppsnefnd Svínavatnshrepps að girða frá suðausturhorni nátthagans heim í Stóradalstún, og hafa hrossin fyrir sunnan þá girðingu. Samt munu ekki nærri allir hlutaðeigendur hafa slegið þessu föstu.[1]

Þetta finst mjer algjör óhæfa, því það er viss vegur að allir frambyggjar verða gangandi að kvöldi og allir hestar komnir á hvíst og bast. —

Sjálfsagðasta girðingin er úr suðausturhorni nátthagans suður og austur

[1] Hreppsnefndin hefir enn enga ákvörðun tekið um legu umræddar girðingar. B.J.

undir Grefum og svo vestur yfir Þverár Tungurnar vestur að Sjettá undan ytra horninu á túngirðingunni í Litladal og svo þaðan örlitlum spotta frá suðvesturhorni nátthagans og fram á klöppina á móti Klekkjarhvamminum. Þannig er alveg öruggt að tapa ekki hestum sínum. Eins gæti ~~ekki~~ komið til mála að hafa slóðið þarna nóttina fyrir slóðrjettina. Spörudust þá þeir peningar, sem nú fara í slóðgæsluna, sem eru víst 100 kr. á ári, og svo annað atriði sem er mest virði og það er: að þetta fer ólíkt betur með hrossin, heldur en að standa yfir þeim í rjettunum knapp alla nóttina, en þarna gætu þau verið á beit og liðið ágætlega yfir nóttina. Þá yrði maður aðeins að hafa einn eða tvo eftir strenginn sljetta. Lokuhlið þyrfti að vera á þessari girðingu, og væri best að hlaða garð upp með kringum hliðið og hafa þar engan vír. Svona girðing mundi alls ekki verða miklu dýrari en álman heim að Stóradal, að minsta kosti ekki vega upp á móti þægindunum, sem svona hólf hefir í för með sjer. —

## Rjettir.

Í sambandi við hina fyrirhuguðu girðingu, vil jeg taka bygginguna rjettarinnar. Upprekstrarfjelagið ætti að reyna að komast að samningum við Stóradalsbóndann um rjettarstæði framvegis og gera þá rjettina svo úr garði; að hún standi um aldur og æfi. Útpartur Upprekstrarfjelagsins vill gjarnan fá rjettina út í Kúlunesi, en jeg álít það hina mestu fásinnu, því að það er aukinn þvælingur á allt að helmingi af því fje, sem að rjettinni kemur. Hugsum okkur efri dilkanna úr framparti Blöndudals, væri fyrst rekið út í Kúlunes og svo fram í dalbotn og ef til vill eftir einn eða tvo daga út á Blönduós. Sömuleiðis er þetta aukinn þvælingur á öllu fje af Hálsbæjunum, Bakásum og framparti Svínadals. Rjettin má alls ekki færast lengra út vegna skepnanna, og um það er siðferðisskylda okkar að hugsa. Eins og rjettinni er varið nú, má slíkt alls ekki viðgangast til lengdar. Austurhluti almenningsins er illa fjárheldur. Útveggir Áss og Svínsstaða hryggrö dilkanna hafa verið svo, að fleiri og færra hefir lent inn í þeim dilkum næst við hvern innrekstur, og ef til vill gjarnan við sumt af því fje aldrei aftur og oftast kemur það fje, sem á þennan hátt villist, seint á haustin, úttroðið og illa til reika að öllu leyti. Dyraumbúningar og skilrúm á milli dilka eru í mestu vanhirðu og yfirleitt er rjettin með öllu tilheyrandi algjörlega af göflunum gengin og til skaða og skammar. Slóðrjettin er engin og verður því að notast við fjárrjettina, til þess að rjetta slóðið, og þar sem kinkurskilrúm eru á milli allra dilka, þá má maður búast við stórskemdum í hverri slóðrjett. Síðustu árin hafa einstök dilkfjelög verið að káka við dilka sína, en slíkar smá viðgerðir eru vandræði, allt saman fer út um þúfur, skilrúmin eru margvíslega aukin, veggslöpparnir mishár og hverjum sem einhverja fegurðartilfinningu hefir hlýtur að blæða slíkt í augum. Drættir í rjettinni er mjög erfiður eins og alltaf vill verða í löngum og mjóum rjettum. —

Við eigum að hætta við allt kák og byggja rjettirnar frá grunni, hvorki úr torfi nje hlje, heldur úr steypu og járni. Mannsaflið er orðið svo dýrt að ekki dugir að sóa út rjettarbyggingu á svona 20-30 ára fresti, heldur eigum við að byggja í eitt skifti fyrir öll trausta og fagra skilarjett. Ef hún er steinsteypt þá verður hún heldur ekki færð úr stað, sem án efa er sá heppilegasti.

Því miður hefi jeg ekki orðið mjer úti um nákvæma kostnaðaráætlun en jeg er nærri viss um, að steypan verður þegar til lengdar lætur ódýr-ust og auk þess miklu fallegri en torfrústirnar, og þó það sje nauð-synlegt hjer í lífi að vera „praktiskur", þá vei þeim, sem aldrei meta neitt við annað en peninga, slíkum sál-um er best að skríða í skjóðu".

Jeg hugsa mjer rjettina kringlótta, eða svo að segja, býst við að hún verði þannig þægileg-ust. Dyraumbúningar allir úr járni og skilrúm á milli dilka annað hvort úr járni eða steypu. Efni er mjög gott að fá þarna þar sem rjettin stendur nú?

Ef rjettin væri svona úr garði gerð, mætti einnig nota hana fyrir slóðrjett.

Eftir minni hugmynd ætti rjettin að líta út eins og meðfylgj-andi teikning sýnir. Þetta er auðvitað aðeins grunnteikning. Nákvæmlega kringlótt getur rjettin aldrei orðið, þó hún væri það að yfirborðinu.

Þannig hugsa jeg mjer formið á rjettinni:




Ef þessum stærðarhlutföllum væri fylgt, yrðu dilkarnir 28 m. að lengd. Sjeð nærri að dilkarnir til samans tækju 14000 fjár, en almenningurinn 1800-2000 og yrði því að reka oft í almenninginn, en athuga má að gangurinn, sem rekið er inn í, tekur margt og má alltaf geyma í honum meðan verið er að draga slatta úr rjettinni. Kostnaðaráætlun hefi jeg ekki, en mun reyna að afla mjer hennar, áður en langt um líður.

Jeg drap á það áðan, að útpartur Upprekstrarfjelagsins vildi gjarnan fá rjettina út í Kolunes, en jeg álít aftur að það yrði fyrir margra hluta sakir óheppilegt, en til þess að gera þeim sem það vilja eitthvað til geðs, álít jeg að rjett væri að gera Beinakeldurjett að skilarjett. Sauðadalur er nú efalega smalaður fram, en það er mjög óeinlegt, og þannig smalast hann aldrei nema illa, fjenu er ójafnt að rekast fram, enda er það ómynd að reka fjölda fjár úr Sveinsstaða- og Torfalækjarhrepp fram fyrir

Hálsagirðingu. Torfalækjarhreppur ætti að taka alveg að sjer Sauðadalinn. Þeir ættu að hefja göngur á þriðjudaginn, þegar aðalgangnamenn koma að framan, gætu þá rekið út fjallið og legið í Marðarnúpsseli, ef ekki væri hægt að koma því svo fyrir, að þeir næðu út að Beinakeldugjerði þann sama dag. Hætt er við að fje af austur fjallinu mundi leita niður í Svínadal um Hólsárskarð, en það er aðeins tímaspursmál hvenær skarðið verður girt, en þangað til þarf þar fyrirstöðu. Eins þyrfti fyrirstöðu frá Axlaöxl og út að Tilljá, svo fje rynni ekki í stórhópum niður í Þing. Í aðalgöngur þyrfti þá Torfalækjarhreppur að leggja til 10–12 menn. Annars má vel vera að allar bollaleggingar um Sauðadal sjeu afsjett, sjeu óþarfar, því dalurinn er einstakra manna eign, og óvíst að Kaupfjelagsstraffjelagið geti fengið hann. En hvað sem því líður, má skilarjettin okkar aldrei framar vera eins og hún er nú. Það er brot á siðferðisskyldum okkar við skepnurnar, og það er skaði og skömm að hafa rjettina í því ásigkomulagi sem hún er nú í, og ef við girðum, þá skulum við ekki leggja hana flónslega álman þar sem engum gerir gagn, heldur afgirðum sjerstakt hólf fyrir hesta rjettarmanna og fyrir slóðið nóttina fyrir rjettina.

Hannes Pálsson.

———— · || · ————

# Athugasemd

Í síðasta tbl. „Sveitarinnar" er löng og ítarleg grein um kristnistarf og kenslu eftir Jón í Stóradal. Í lok greinar þessarar er áskorun til mín og föður míns að taka til máls í „Sveitinni" um þetta mál, og ritstjórinn hefir góðfúslega leyft mjer rúm í blaði sínu, ef jeg vildi nota mjer það.

Þá er jeg hafði lesið greinina og íhugað nokkuð efni hennar, fanst mjer málið svo vaxið, að í rauninni væri það annara að fjalla um það en mín, þar sem hjer er aðallega að ræða um stofnun barnaskóla á Auðkúlu fyrir Svínavatnshrepp, þó höf. drepi á margt fleira.

Eins og kunnugt er, er jeg ekki búsettur hjer í sveit, svo málið tekur ekki beint til mín. Jeg ætla því ekki að svo komnu máli að standa innsveitismönnum, sem málið snertir beinlínis, í ljósi fyrir að þeir geti tekið til máls.

Má þó ekki skilja orð mín svo að mjer sje sama, hvernig það ræðst, þar sem hjer er að ræða um stórmál þessarar sveitar, sem jeg hefi að þessu talið sveitina mína og þar sem í öðru lagi er að nokkru leyti að ræða um framtíðarörlög þess staðar í henni, sem mjer er kærastur, og jeg hefi lengst alið aldur minn á.

Jeg hefi auðvitað myndað mjer fasta skoðun í því máli eins og um niðurlagningu Auðkúluprestakallsins, sem höf. segir að „eigi fylgi sumra áhugamanna í sveitinni".

Það liggur í augum uppi að komist hugmynd Jóns í Stóradal í framkvæmd verður aðstaða prestsins alt önnur og betri til áhrifa á æskulýðinn en nú og samanna

milli prests og kennara ætti að geta orðið ólíkt betri og er þarflaust um það ræða.

Jeg er höf. ennfremur samdóma um gildi kristilegrar trúar og safnaðarlífs, sem undirstöðu siðgæðis og manndygða og er því ekki að neita að brýn þörf er umbóta á því sviði hjer á landi. Um hitt geta aftur orðið skiftar skoðanir, hvernig þeim umbótum verður best komið í framkvæmd og er það alt mikið mál og margbrotið. Auðvitað væri mikið fengið, ef prestar yfirleitt væru gæddir þeim fullkomleikum, sem höf. gerir kröfu til. En þess er að gæta að prestar eru og hljóta jafnan að verða menn en ekki englar með kostum og göllum eins og gengur og gerist meðal þeirrar þjóðar, sem þeir eru runnir af og starfa meðal og þó að til sjeu auðvitað í þeirri stöðu einstöku framúrskarandi menn, þá þarf ekki að gera ráð fyrir því, að [illegible] hafi í hendi sjer að hreppa að neinu leyti betri menn í þá stöðu, en alment gerist. Mannkærleikur sá, er höf. leggur með rjettu höfuðáhersluna á, verður ekki pantaður eins og kraftfóður í harðindum eða eins og önnur verslunarvara. Á þeirri von er því hæpið að reisa ~~veina~~ háa kastala. Hætt við að þeir verði loftkastalar. Auðvitað gott að taka því, ef svo verður, en margur mun líta svo á að minna megi gagn gera. En þessi háleita hugsjónarmynd höf. virðist hafa glapið honum sýn, svo að hann sjái lítið eða enga kosti við núverandi prestsþjónustustarf. Má auðvitað margt að því finna eins og flestu og sjálfsagt að benda á vegi til umbóta, en gera verður þá kröfu til allra þeirra, sem gerast vilja brautryðjendur og umbótamenn, að þeir rífi ekki meira niður en nauðsyn ber til og láti þá menn og málefni, er þeir gerast dómarar yfir, njóta sannmælis.

Það er alkunnugt að hægra er að rífa niður en byggja upp, hægara að benda á gallana og dæma þá hart, en að bæta úr þeim. Eru allir staðlausir sleggjudómar um ómaklegir og spilla fremur en bæta fyrir góðu málefni og síst er það sæmandi ungum mönnum og reynslulitlum, enda þó fyrir þeim vaki göfugar hugsjónir, að setjast í dómarasæti yfir sjer eldri mönnum og reyndari, sem borið hafa hita og þunga hins líðandi dags og hafa unnið starf sitt eftir bestu samfæringu um langan aldur og ekki er það drengilegt að ýta fæti við þeim á gamalsaldri undir starfs- og æfilokin, eða á ekki mannkærleikurinn að ná líka til þeirra? Jeg skal játa að mjer er málið ofskylt, að því er snertir föður minn, til þess að hægt sje að búast við óhlutdrægum dómi, en þori þó óhræddur að áfrýja honum undir dóm safnaða hans frá fyrri og síðari tímum. Að vísu eru hin þungu orð greinarhöf. um sleifarlag á prestþjónustu, svo sem ófullnægjandi húsvitjanir og fermingarundirbúning, þurra dramb, barnagrýlur o. fl. stýluð alment, en þar sem greinin ræðir sjerstaklega kristnihald þessarar sveitar, liggur að minsta kosti nærri að skilja þau svo, sem þeim sje beint fyrst og fremst í garð núverandi prests safnaðarins, og á bak við liggur óskin, að hann víki sem fyrst úr sessi, þar sem hann sje þrándur í götu, en þó orðin væru töluð alment, eiga þau sjer tæplega stað. Jeg veit ekki betur en prestar yfirleitt ræki starf sitt sæmilega og sjeu alveg lausir við þurradramb og á mörg dæmi má benda til sönnunar því, að söfnuðir sjeu fullir velvildar og þakklátssemi til þeirra, er þeir láta af störfum, en örfá munu dæmi hins gagnstæða, enda er það viðurkent, að heimili þeirra hafa oftast verið með bestu heimilum sveitanna, og áhrif þeirra bein og óbein heillavænleg söfnuðum til menningar. Annað mál er að tímarnir eru nú að breytast og byltast við á ýmsa lund. Finst þá mörgum alt hið gamla að engu nýtt, og er þá oft að litlu getið þess sem gert var. En að eins hrópað burt, burt! Nú þarf nýtt að komast að. Kröfurnar eru óneitanlega aðrar en áður, og þarfirnar aðrar, en enn þá mjög óljóst hverjar. Menn eru eins og á milli

vita, ekki raknaðir úr roti. Þessa gætir ekki hvað síst í trúarlífinu, sem nýir straumar eru nú að berast inn í. Það eru tímamót um þessar mundir og má það sennilega finna að nokkru leyti hinar djúpsærri(?) ókirkjurækni og guðrækniskorts(?). Verður það hvorki gefið að sök einum einstökum manni eða stjett þjóðfjelagsins einni fremur en annari og skal ekki frekar út í það farið nú.

Annars mun jeg ekki gera þetta frekara að deilumáli. Tilgangur minn aðeins sá að benda á það, sem mjer þykir miður fara í grein hins háttvirta höf., sem jeg annars er að mörgu leyti sammála og tel með hinum einlægustu áhuga- og framfaramönnum, og jeg hefi jafnan talið vin minn og góðan ~~drengj~~. Í þetta sinn hefir hann að sumu leyti farið, vægast sagt, ólíðlega af stað, og þætti mjer illt ef það yrði til tafar og hnekkis góðu málefni. Áhuginn til umbóta er jafnan mikilsverður, en ekki er sama hvaða aðferð er beitt, þó tilgangurinn sje góður, og ekki má hann heldur lenda við orðin tóm.

Björn Stefánsson.

—— || ——

# Andsvar.

Eftir tæpa viku frá því jeg afhenti ritstjóra Sveitarinnar grein mína: „Kristni-starf og kensla", hafa komið fram tvær greinar um hana. Önnur frá kennaranum, hin frá sra. Birni Stefánssyni. Vildi jeg óska að svo hjeldi örf áfram greinum um þessi miklu mál fyrst um sinn, því að þau verða seint ofvel hugsuð.

Kennarinn virðist taka vænum höndum tillögum mínum um hvorttveggja málið, og kann jeg honum þakkir fyrir, enda veit jeg, að málunum getur orðið mikill styrkur að fylgi hans.

Eiginlega má segja hið sama um sra. Björn. T. d. tekur hann það fram að áhrifa prestsins til áhrifa á æskulýðinn verði betri ef tillögur mínar kæmist í framkvæmd, og yfirleitt virðist hann tillögum mínum hlyntur og kann jeg honum því sömuleiðis miklar þakkir.

Því miður ræðir hann þó ekki málin mikið frekara og velur því, að honum finst jeg hafi verið að ráðast á föður sinn, sem hann eðlilega tekur sárt. Greinin verður því aðallega vörn fyrir föður hans og presta yfirleitt.

Þar fór nú ver en skyldi, að kristnistarf mitt skyldi verða til að særa jafn freklega og ætla má af grein sra. Björns. Tekur mig það sárara en margur mun hyggja, því að gamalmenni vil jeg síst angra, en þegar um umbætur á opinberri starfsemi er að ræða er oft vandfarið og svo hefir mjer orðið.

Sra. Björn virðist halda að jeg sje eingöngu í grein minni að hugsa um barnaskóla á Túlu(?), en ætlun mín var að brýna fyrir sveitungum mínum nauðsynina á því tvennu að stuðla sem best að því, að framtíðarfólk sveitarinnar verði sem bestir drengir og sem best mannað. Ráðin til þess voru svo prestur og barnaskóli og kennari á Túlu(?). —

Nú eru sumir með því að láta prestinn fara. Hvernig gat jeg sýnt fram á að það væri misráðið með öðru en því að taka til íhugunar ástæður þeirra, og hverjar skyldu ástæður manna hjer í sveit geta verið aðrar en vonleysi um, að kristni~~starfið~~-starfið beri [illegible] ávöxtu og að ástandið sje almennt eitthvað líkt því sem jeg hefi sagt. Auðvitað eru menn þó ekki að líta sjerstaklega til prestsstarfs sra. Stefáns, því að mjer vitanlega óskar enginn eftir því að hann hætti prestsstörfum fyr en honum sjálfum finst þörf, en þar sem sjáanlegt er, að

hans nýtur ekki um langa framtíð, þá geta menn heldur ekki bygt álit sitt um það, hvort hjer eigi að vera prestur í framtíð eingöngu á því, hvernig þeim líkar hans prestþjónusta. Að gefnu tilefni get jeg og lýst því yfir, að í grein minni, átti jeg ekki frekara við kristniástandið hjer í sveit en annarstaðar, heldur alment þar sem jeg þekti og prestsþjónustu sra Stefáns vil jeg alls ekki lítilsvirða nje móðga hann, því að þó kristnilífið sje hjer dauft, þá dettur mjer ekki í hug að segja, að hann einn eigi sökina á því, og vetur einn er jeg var á Kúh, reyndist hann mjer með allra bestu mönnum og elskulegustu. Vona jeg að fáir, sem lesa grein mína geti skilið hana öðruvísi, þar sem jeg tek fram, að sra. Stefán muni hryggja deyfð kristnilífsins í landinu, og að hann væri fallinn til umbóta, ef aldarinn væri honum ekki að meini.

Ekki get jeg sjeð af grein sra. Björns, að jeg hafi neitt ofmælt um prestana, enda vil jeg ekki bera þá ásökunum eða ýktum sökum fremur en aðra menn.—

Veit ekki sra. Björn, að í ýmsum prestaköllum er alveg hætt að húsvitja, enda sum orðin svo víðlend, að það er mjög erfitt, og telur hann húsvitjunina í lagi, þó að prestar komi ekki á sum heimilin svo áralagum skifti og ekki sum árin á hin.

Telur Björn þann fermingarundirbúning góðan, að prestar spyrji börn aldrei fyr en veturinn áður en þau eru fermd og þá ekki nema 1-2 stundir í einu svo sem 6-10 sinnum og jafnvel eigi sje stað [?], að það sje ekki nema 3 sinnum.—

Veit hann ekki að lítilsigldara fólkið kemur sjer síður að því að tala við prestinn um vandamál sín, en ýmsa betri menn aðra í söfnuðinum. Líklega stafar það ekki af því að prestar geri sig ekki nógu samgróna safnaðarmönnum?

Veit ekki sra. Björn að prestar eru um alt land hafðir fyrir grýlur á börn?

Vildi jeg mælast til að hann rifjaði upp það sem ritað hefir verið um þessi atriði í Kirkjubl., fyrirlestrinum: „Prestar og sóknarbörnin" og víðar. Mun hann þá sjá að jeg dæmi ekki harðar um vor kirkjulegu mein en ýmsir prestar og jafnvel biskupinn sjálfur.

Þá finst B. St. jeg gera helst ofmiklar kröfur til presta, þar sem jeg ætlast til að þeir sýni í lífi sínu meiri mannkærleika en almenningur og prestsstarfið sje þeirra fyrsta áhugamál. Skilst mjer helst sem hann telji slíkt aðeins unt englum en ekki menskum mönnum og að hann geri gys að því, að jeg skuli hugsa svo hátt, að við kotungarnir hjer í hreppnum getum fengið slíkan prest.

Jeg sje ekki að Kristur nje Páll postuli, sem jeg vitna til, geri að neinu vægari kröfur og þó að jeg sje ungur og reynslulítill, þá vona jeg að Björn hiki við að telja þá það.

Jeg hefi þá trú á hið góða í mönnunum, að hver meðalmaður, sem ætti starfa í söfnuðinum á þann veg, er jeg lýsti og hefir verið uppalinn sjerstaklega til þess, eins og prestar, hljóti að geta það, en þeir menn sem ekki vilja gera alt það gagn í söfnuðinum, er þeir geta, ættu helst ekki að vera prestar.—

Ýmsa menn bagar það mjög í lífinu, að þeir hafa ekki nógu örugga trú á sjálfum sjer eða því að þeir geti komið miklu góðu til leiðar. Þetta hygg jeg að bagi suma presta vora, og að þess vegna ráðist þeir ekki í að koma á stórendurbótum á kristnistarfinu.

Hitt er jeg samferða um, að þeir margir, þar á meðal ekki síst sra. Björn sjálfur hafa meira en nógan mannkærleika inst inni og hæfileika til að starfa, eftir því sem jeg benti til og sra. Björn telur mjög æskilegt. Ylinn hjá Birni þekki jeg sjálfur og hæfileikana sýndi hann á prestaskólanum, þar sem hann fjekk heiðursverðlaun, er fáir hafa hlotið. Annars finst mjer ekki bera í rauninni mikið á milli okkar Björns, þar sem hann viðurkennir að brýn þörf sje umbóta á kristniástandinu. Vona jeg því að honum falli ekki hendur í skaut við greinar mínar, heldur hefjist handa kristni guðs til eflingar og þá ekki síst hjer í sveitinni okkar beggja, sem við kollalögðum svo margt um hjer fyr á árum. Vona jeg ennfremur að honum sje ekki það aftur farið að hann telji nú „þarflaust um það að ræða", sem hann hyggur henni til blessunar, heldur taki nú í næsta tbl. Sveitarinnar tillögur mínar til rækilegrar íhugunar og bendi á það sem betur má fara en jeg bendi til. —

Jón Jónsson

---

# Sýslumálafundur

var haldinn að Stóradal 20. mars s. l. Voru þar gerðar svohljóðandi ályktanir um þessi mál:

a. Kvennaskólamál.

„Fundurinn hyggur að skóli Húnvetninga, sem nú er á Blönduósi, yrði að meiri notum, ef hann væri bæði fyrir karla og konur og þar m. a. kend handavinna, sjerstaklega, ef hann væri kostaður af ríkissjóði að öllu leyti og telur sjálfsagt að unnið sje að því af fremsta megni".

Samþ. með öllum greiddum atkv.

b. Hrossakynbótamál.

„Fundurinn skorar á sýslunefndina að breyta hrossakynbótareglugerð sýslunnar þannig, að enginn graðhestur gangi laus og alt kapp verði lagt á að stækka kynið."

Samþ. með 12 : 3 atkv.

# Deildarfundur K. H.

Svínavatnshreppsdeild K. H. hjelt aðalfund sinn að Stóradal 20. mars s. l. M. a. var þar töluvert rætt um breytingu á fjelagsrekstrinum og svohljóðandi ályktun samþ. með samhljóða atkvæðum.

„Fundurinn skorar á aðalfund fjelagsins í vor að taka til íhugunar, hvort ekki sje ástæða til að sameina verslun fjelagsins í eina deild, vegna hins stöðuga ágreinings um fyrirkomulagið, sem nú er og leggur áherslu á, að íhugað sje, hvort ekki mætti hafa svipað fyrirkomulag og flest fjelög hafa ytra og losna þannig við hina óvissu skattabyrði fjelagsins. Annars telur fundurinn óheppilegt að pantanir falli niður".

Starfsmenn kosnir:

Deildarstj. J. J. Stóradal, vdstj. Hannes P. Heiðlangst., aukafullt. B. J. Litladal, Guðm. Snæringsst. og J. B. B. Litladal, til vara J. G. Löngumýri.

---

# Sveitin, sveitarblað fyrir Svínavatnshrepp.

Ritstjóri: Bjarni Jónasson

# Sveitin

III. árg. | Litladal, í maí 1920. | 6. tbl.

## Fræðslumál Svínavatnshrepps.

Flestir hugsandi menn og konur játa, að eitt hið nauðsynlegasta fyrir hverja þjóð sje það að ala börn sín sem best upp, ekki aðeins andlega heldur einnig líkamlega. Um nauðsyn þessa hefir verið svo mikið rætt, að jeg vil ekki, að þessu sinni, eyða hinu dýrmæta rúmi Sveitarinnar til þess.

Svo er hitt atriðið, sem jeg vona að flestir sjeu mjer sammála um, að eins og barna- og unglingafræðslu er yfirleitt háttað nú, sje við mjög lítlu að búast.

Skólalíf okkar Íslendinga er að mínu áliti, alt frá því neðsta til þess efsta mjög óheilbrigt og „ópraktiskt", en ef við getum gert einhverja endurbót á lægstu skólunum, þá getur maður vænt mikilla umbóta síðar meir.

Um barnafræðsluna hefir verið mikið ritað og rætt hjer í Sveitinni. Hafa þeir Jón í Stóradal og kennarinn tekið til máls (II. árg. 4. og 5. tbl., III. árg. 4. tbl.), og vísa jeg að mestu leyti til greina þeirra, en tek hjer aðeins fram örfáa þætti, sem eru nauðsynlegir vegna þess að flestir hafa ekki greinar þeirra við hendina.

Eins og nú er í pottinn búið eru annmarkarnir við farskólana margir; tek jeg t.d.

1. Vönduð húsakynni, loftlítil og þröng, sem aftur orsaka bæði andlega og líkamlega veiklun og þröngsýni.
2. Staðhættir og launakjör gera það að verkum, að hart nær enginn maður fæst til þess að kenna við farskóla okkar nema fá ár.

Ótal fleira mætti upp telja, en í þessum tveim stóru göllum, felast óteljanlega margir smágallar, ef vel er skoðað.

Fyrirliðinn hafa flestir sjeð og reynt. Hvorki kennarinn nje börnin geta haft neitt sjerstakt hús út af fyrir sig, en verða að hýrast innan um annað heimilisfólk, sem vitanlega ræðir um sín hversdagsmálefni, þrátt fyrir það að börnin þurfi að læra. Þau gefa sig þá oft eins mikið að þessu skrafi eins og því, sem þau eiga að hugsa um. Sömu lögum er kennarinn háður. Hann getur óvíða verið einn með hugsanir sínar, heldur verður hann að vinna innan um annað fólk, þó að hann geti ef til vill ekki fest hugann við verkefni sitt. Af þessu leiðir að hvorki börn nje kennari geta rækt störf sín sem skyldi.

Flest hús okkar Íslendinga eru hvergi nærri eins loftgóð og björt og skyldi. Víðast hvar má ekki vera þrengra um heimilisfólk en nú er, og þó þau heimili sjeu fengin fyrir farskólann, sem best eru hýsuð, þá mun oftast verða þrengra en góðu hófi gegnir, þegar mörg börn og kennari bætast við, ekki einungis stund úr deginum, heldur allan daginn og nóttina með, því víðast hvar er dagstofan það sama og svefnherbergi, þrátt fyrir öll þau vandræði, sem af því stafa.

Af þessu getur maður átt á hættu að læring og aðrir kvillar lifi góðu lífi meðal hinnar uppvaxandi kynslóðar. Ef flestir

foreldrar gerðu sjer ljóst hvað í húfi er, mundu þau ekki hika við að leggja nokkuð í kostnað, til þess að auka byggingarnar fyrir andlegu og líkamlegu velferð barnanna sinna.

Hvað þröngsýnina snertir, þá getur manni skilist, að sá sem á við slæm skilyrði að búa, hvað þægindi og aðrar ánægjulindir snertir, verður oftast þröngsýnn. Hann heldur að þetta verði að vera svona, örbirgð og getuleysi gera það að verkum að alt verði að vera í sama horfinu. Sjóndeildarhringur hans verður oftast lágur og fáar mikilvægar hugsanir festa þar rætur. Það er vitanlega til, en aðeins hjá afburðamönnum.

Í grein Jóns í Stóradal: „Kristnidómur og kensla" er þess vel minst og rjettilega, hvað víðsýni og siðgæði sjeu nauðsynleg, ekki síst hjá þeim þjóðum, sem eru smáar og þurfa að hafa sig allar við, til þess að geta talist þjóðir með þjóðum.

Hitt atriðið hvað lausir farskólakennararnir eru í sessi, kemur vitanlega af því, að þeim þykir skilyrðin slæm, sjá lítinn árangur, og svo síðast en ekki síst, að staðan er með öllu ólífvæn nema fyrir einhleypa menn. Ef kennarar reistu bú einhversstaðar, þar sem skólinn væri ekki, þá mundu þeir fljótt finna að best væri fyrir sig að ~~hætta~~ halda sjer heima og sleppa þá eðlilega kenslunni.

Allir sjá hversu óheppileg þessi sífeldu skifti geta verið. Tæpast getur nokkur orðið góður kennari, nema hann stundi kenslu í nokkur ár. Rjett þegar hann er að fá vissu fyrir því hvernig tökum hann eigi að taka á kenslunni, hættir hann við starfið, vegna þess hve ljeleg lífskjör það býður. Maður getur ekki krafist þess af nokkrum manni, hversu áhugasamur sem hann er um vaxandi mentun og siðgæði, að hann vinni til að þola alt af sem farskólakennari og vinna þannig á móti annari aðalköllun sinni, stofnun síns eigin heimilis.

Takmarkið fyrir okkur, sveitungar góðir, þarf því að vera skólahús, og ekki nóg með það. Kennarinn þarf að hafa aðra atvinnu með höndum. Launakjörin eru þannig að ekki má eingöngu á þeim lifa fyrir fjölskyldumann, en flestir vilja fjölskyldu eignast, og eins og jeg benti á áðan, þá þarf hann að vera á sínu eigin heimili. Ógjörningur er að hugsa sjer að hækka launin frá því sem nú er, því að alt skólahald ~~skólahald~~ okkar hlýtur að verða afar dýrt, sökum strjálbýlisins. —

Skólanum þarf því að fylgja jörð. Skóla-hjeraðið þarf að kaupa jörð, sem hentug er sem skólasetur og samkomustaður og leigja svo kennaranum jörðina. Afgjaldið kemur svo upp í laun hans. Beinn kostnaður fyrir hjeraðið þyrfti því aðeins að vera skólahúsbyggingin, því jeg geri fastlega ráð fyrir að jörðin yrði ekki leigð fyrir minna en góða peningarentu af þeim höfuðstól sem í jörðinni liggur. Ef góð kaup næðust á jörðinni, þá gæti þetta meira segja orðið gróði fyrir sveitarfjelagið.

Eitt af því sem jeg álít sjálfsagt fyrir sveitarfjelagið er að selja Eldjárnsstaði nú meðan háa verðið er og kæmi þá góður skildingur upp í skólahúsbygginguna, þykir mjer vafasamt nema fje fengist alveg til byggingarinnar með því og svo samskotum o. fl.

Skólajörð með fyrirmyndarskóla, þá hjeldum við Svínvetningar þeim heiðri að vera sí og æ brautryðjendur í ýmsum menningarmálum. Það ætti að vera metnaðaratriði fyrir hvern góðan Svínhrepping.

# S V E I T I N

Ritstjóri : Bjarni Jónasson.

---

V. Árg. Blönduósi 19. Des. 1921 1. tbl.

---


## ¢¢¢¢ N-ó-r-f-u-r. ¢¢¢¢

Samúð og samvinnu vill Sveitin rista efst og dýpst á skjöld sinn. Þó að ekki sje þar með átt við "að þegja við öllu röngu", því að það er ekki sú samúð sem sýna á. Það þykir því hlýða, um leið og hún hefur göngu sína fjölrituð, að þá sje lítilsháttar vikið að því, sem veldur öllum almenningi mestrar áhyggju þ. e. fjárhagsástandinu nú, og framtíðarhorfum, ef verða mætti til frekari íhugunar og umræðu.

Ástandið heima í sveitinni verður fyrst fyrir, og það er nú þannig að verslunarskuldir sveitarbúa eru um 25 þús kr., og fjenaður, sem settur er á vetur með færra móti, og heimilin nú við áramót eru með lang verst birgasta móti að kornvörum. Líkt mun ástandið vera í sveitunum í kring, eða jafnvel verra, og í kauptúnum verum er það mörgum sinnum verra, því að þar eru engar eigur á að ganga, hjá almenningi, og kaupmenn og útgerðarmenn velta um, hver af öðrum.

Þegar litið er til þess, að íslenskar vörur hafa stórfallið í verði og halda því áfram, þá er auðsjeð að erfitt verður að borga gömlu skuldirnar, fyrst um sinn, og framfleyta sjer og sínum fram úr næstu árum, heilu og höldnu. Verður þá ósjálfrátt fyrir að festa trúnað á það álit atvinnumálaráðherrans, að <u>alment</u> hungur sje fyrir dyrum, þó að hann telji bændur skarst farna. Margur mun því geta tekið undir með einum merkasta bónda norðanlands, í nýkomnu brjefi :

"Það er erfitt að sjá fram á það, að látlaust strit fyrir munn og maga hrekkur ekki til, en ennþá sárara fyrir þá, sem hugsjónir hafa, að sjá þær veslast upp, hverja af annari, um ófyrirsjáanlegan tíma."

Ef til vill finst sumum þetta of svart málað, en við nána íhugun munu menn sjá, að ástandið er svo voðalegt, að að því getur rekið að við höfum ekki nóg fje nje lánstraust til að kaupa að brýnustu nauðsynjar, svo sem kornvörur. En svo má ekki fara, og hugsjónirnar mega ekki veslast upp, en hver ráð eru til þess ?

Jeg hefi þá trú, að hjá því megi komast með fórnfúsri samvinnu, og engu öðru. Við eigum því að standa, einmitt nú, sem fastast um samvinnufjelögin, og ganga fúslega í þeirra stranga skóla, en láta ekki smásmuröur og digurmæli kaupmanna hverfa okkur sýn.

Af því að framkvæmdarstjóri S. Í. S. hr. Hallgrímur Kristinsson er eflaust sá maðurinn, sem ljósast hefir hugsað leiðina út úr ógöngunum, ætla jeg í þetta sinn að lykta með kafla úr brjefi, er hann hefir nýlega sent öllum samvinnufjelögum landsins, og bið menn að athuga hann sem best.

Stóradal 14. Des. 1921

Jón J[illegible]son

Kafli úr brjefi hr. Hallgr. Kristinssonar:

- - - - - - - - En hvað á þá að gera? býst jeg við að þjer spyrjið og reynið að finna eitthvert svar, á einn eða annan hátt, eins og jeg mun leitast við að gera hjer eftir. Við munum sammála um að ekki dugi að gefast upp. Til þess verður að ætlast, að samvinnumenn landsins sjeu orðnir svo þroskaðir í samstarfinu, og þeir manndómsmenn, að þeir vilji tölu vert á sig leggja, þegar í harðbakka slær, og hinn framsæknari, víðsýnni og djúphyggnari hluti þeirra reyni að gera almenningi ljóst, að hann megi ekki skirrast við að leggja á sig þjáningar á örlagastundinni þegar teningum er kastað fyrir langa framtíð um sult og seyru og andlegan hor, annarsvegar, en efnalegt og andlegt sjálfstæði og framsóknar möguleika hinsvegar. Alþingi og landsstjórn köstuðu innflutningshöftunum síðastl. vetur, og fóru þar öfugt að við það, sem nauðsyn bar til, því höftin átti að herða stórum, en ekki leysa. Og sölu gjaldeyrisvaranna hefði átt að haga, hverri aðaltegund um sig, líkt og gert hefir verið um hestasöluna undanfarin ár. En ekki þýðir að sakast um orðinn hlut. Við samvinnumenn verðum að bjarga okkur sjálfir fram úr öngþveitinu, og jeg sje aðeins það eina einfalda ráð, að kaupa minna en við seljum, framleiða meira en við eyðum. Og þetta verður að framkvæma, jafnvel þótt það verði til þess, að margir líði meiri eða minni neyð. Flestar þjóðir heimsins hafa orðið fyrir þeim þungu búsifjum undanfarin ár að einhverju leyti, og þeim er ekki ljett af enn. Við getum tæpast ætlast til að Íslendingar á harðbalalandinu geti komist hjá flestum þeim plágum, sem nú hanga yfir heim allan. Sambandið hlýtur að gera eftirgreindar kröfur til deilda sinna frá næstu áramótum:

__að__ þær skuldbindi sig til að láta af hendi við Sambandið allar gjaldeyrisvörur sínar til sölumeðferðar og fullra umráða jafnótt og þær verða hafðar til sölu.

__að__ þær heimti samskonar skuldbindingu af öllum fjelagsmönnum sínum, og sjeu það ófrávíkjanlegt skilyrði þess að þeir fái lán eða komist hjá því, að beitt verði harðneskju við innheimtu skulda þeirra við fjelagið.

__að__ áætlað verði svo nákvæmlega sem unt er magn gjaldeyrisvara yfir árið hjá hverjum einstökum fjelagsmanni og Sambandinu svo send samandregin áætlun fyrir alt fjelagið.

__að__ þær skuldbindi sig til að minka skuldir sínar á árinu að meira eða minna leyti eftir því sem Sambandið ákveður, og hagi fjelagsstjórar sjer þar eftir með samningum um lækkun skulda hjá einstaklingum fjelagsins.

Þegar ofangreindum kröfum er fullnægt, ákveður Sambandið hámark krónutölu þeirrar, sem hver deild getur fengið að láni hjá því yfir árið. Þeirri upphæð verður fyrst og fremst varið til að kaupa allar brýnustu nauðsynjar til lífsviðurhalds og framleiðslu og því næst til greiðslu opinberra gjalda og annara peningaþarfa, sem ómögulegt er að komast hjá. Með því að leggja þessa ráðagerð fyrir bankasambönd þau, er Sambandið hefir utan lands og innan, og það skuldbindi sig til að fylgja henni fram og víkja í engu þar frá, þá hygg jeg að takast mætti að fá það veltufje, sem nauðsynlegt væri til starfrækslu á þessum grundvelli. Og þá væri samvinnumönnum landsins bjargað frá því, að líða verulega neyð, því veruleg neyð getur ekki kallast annað en það þegar hungur sverfur að eða kuldi vegna klæðleysis og eldsneytisskorts. Þar sem mestur hluti samvinnumanna stunda landbúnað og nota innlent eldsneyti, sökum þess hve kol eru dýr og aðdrættir erfiðir, þá kemur eldsneytisskortur ekki mikið til greina alment. Kulda vegna klæðleysis álít jeg heldur ekki ástæðu til að óttast þótt engin vefnaðarvara flyttist inn í landið um 2ja ára til 3ja tíma. Heimilin gætu unnið eitthvað meira að tóvinnu og klæðagerð, en verið hefir undanfarin ár og svo er víst að víða eru til gömul föt, sem hætt er að nota, en mætti gera við svo þau yrðu nothæf um lengri eða skemmri tíma. Flestar deildir Sambandsins munu og í vöruleyfum sínum eiga eitthvað af vefnaðarvörum, sem fjelagsmenn gætu með hagsýni notað

þótt ekki væri nákvæmlega í það far eða hluta þess, sem þær voru ætlaðar til þegar úr nógu er að velja.

Til að verjast hungri og fullnægja brýnustu [illegible] þörf framleiðslunnar í bráð, þarf aðeins að flytja inn í landið: kornvörur, jarðepli, salt, steinolíu, kol, veiðarfæri, járnsaum, ljáblöð og brýni, og ef til vill eitthvað fleira smávegis, sem ekki mun kosta mikið fje. Jeg býst við að margir mundu vilja bæta við þessa upptalningu, kaffi sykri og tóbaki, því til eru þeir menn, sem vilja heldur vera svangir en vera án þessara gæða. Má því vera að ekki yrði komist hjá því, að kaupa eitthvað af þessum vörum og raunar er ekki langt frá, að kaffi og sykur megi teljast nauðsynjavara fyrir þurrabúðarfólk í kaupstöðum.

Jeg geng þess ekki dulinn, að framangreindar kröfur Sambandsins, og deilda þess til fjelagsmanna sinna, mundu þykja harðar og margar, efast um að þær væru af fullri nauðsyn gerðar. Eigi að síður verður að fylgja þeim fram með fullri einurð, og blátt áfram harðneskju, ef annað ekki dugir. Hinsvegar er rjett að nota lipurð og lagni, þar sem unt er að koma því við. Að sjálfsögðu má búast við að margir mundu hlaupa til kaupmanna, í vöruleit, þegar fjelag þeirra hefði ekki fjölbreyttari vöruforða en hjer er gert ráð fyrir. Við því er ekkert hægt að gera annað en nota skynsamlegar fortölur og [illegible] um allan gjaldeyri sem fastast.

Jeg vona að þjer, stjórnin og aðrir bestu menn fjelags yðar vilji fúslega taka höndum saman við stjórn og starfsmenn Sambandsins, til þess að fá heppileg úrslit þessa máls, er hjer hefir verið rætt um. Ástandið nú, og nánasta framtíð er þannig útlits, að ekki dugir lengur að skrafa og skeggræða, rita og ráðgera, án þess að framkvæmdirnar fylgi, ákveðið og hiklaust. Stálvilji og járnhendur verða nú að taka stjórn plógsins.

Jeg sendi öllum fjelagsstjórum, innan Sambandsins þessa brjefs samrit, og skal því tekið fram, að þær deildir, sem kunna að verða skuldlausar um næstu áramót, mundu eigi þurfa að gera sjerstakar ráðstafanir til tryggingar framhaldandi viðskiptum, ef umbúnaðurinn að öðru leyti er tryggur og öruggur heima fyrir. Eigi að síður vænti jeg þess, að slíkar deildir leggist á eitt með öllum hinum til þess að framfylgja þeim ráðstöfunum og styðja, sem gerðar verða til að greiða för íslenskra samvinnumanna yfirleitt, út úr núverandi fjárhagsörðugleikum yfir í hið fyrirheitna land fjárhagssjálfstæðis og velmegunar.

Með vinsemd og virðingu

H. Kristinsson.

---

## Niðurjöfnun
### útsvara í Svínavatnshreppi, haustið 1921

Hjer taldir allir þeir, sem hafa 10 kr. útsvar eða meira. Talan í svigum fyrir aftan nafn hvers gjaldenda er útsvar hans í fyrra.

| | | |
|---|---|---|
| 460 | kr. | sr. Björn Stefánsson Auðkúlu. nýr |
| 360 | " | Páll Hannesson Guðlaugsstöðum (420) |
| 260 | " | Jóhannes Helgason Svínavatni (310) |
| 200 | " | Jón Jónsson Stóradal (270) |
| 140 | " | Steingr. Ingvarsson Sólheimum (nýr) |
| 125 | " | Hannes Sveinbjörnsson [illegible]ost. (200) |
| 110 | " | Jónas Bjarnason Litladal (115) Jón Pálmason Langam. (170) |
| 100 | " | Guðmundur í Holti (195) Grundar[illegible] (150) |
| 90 | " | Daníel á Þurfelli (95) Sigurjón á Tindum (185) |
| | | sr. Stefán á Auðkúlu (250) |
| 80 | " | Bjarni á Syðrilangam. (90) Jóhann í Holti (85) |
| 75 | " | Guðmann á Snæringsstöðum (65) |
| 65 | " | Páll á [illegible]stöðum (80) Gunnlaugur á Ásum (70) |
| 62 | " | Erlendur á Þurfelli (75) |

| | |
|---|---|
| 60 kr. | Þorsteinn á Geithömrum (80) Hannes á Guðlaugsst. (60) |
| 55 " | Ármann á Snæringsstöðum (55) Ólafur í Litladal (55) |
| | Sigvaldi á Hrafnabjörgum (80) |
| 50 " | Gunnar á Svínavatni (75) Jónas á Hólsstöðum (45) |
| 45 " | Meldal á Gunnfr. stöðum (nýr) Jón á Gunnfr. stöðum (55) |
| | Sveinn í Sljettárdal (80) |
| 40 " | Eiríkur á Ljótshólum (65) Pálmi á Langamýri (50) |
| | Ingvar á Kldjárnsstöðum (45) |
| 38 " | Jón á Guðlaugsstöðum (50) |
| 35 | Kristinn á Langamýri (50) Ingibjörg á Búrfelli (50) |
| | Lárus í Selheimum (50) |
| 33 " | Erlendur í Tungunesi (40) |
| 32 " | ~~[illegible]~~ Sigvaldi á Langamýri (30) |
| | Stefán á Hólsstöðum (40) Haraldur á Hamri (45) |
| 30 " | Haraldur í Tungunesi (55) Meldal á Höllustöðum (nýr) |
| | Stefán Ág. Auðkúlu (30) Guðmundur í Ljótshólum (45) |
| | Sigurbjörg á Rútsstöðum (55) |
| 28 " | Bjarni á Tindum (30) Jakob í Stóradal (30) |
| 24 " | ~~[illegible]~~ Jóhann á Rútsstöðum (40) |
| | Guðrún á Langamýri (40) |
| 22 " | Sigurjón á Rútsstöðum (40) Theodór í Tungunesi (18) |
| | Pálína á Guðlaugsstöðum (25) |
| 20 " | Jón á Búrfelli (30) Jón á Ásum (70) Þorlákur á Kárast. (nýr) |
| 18 " | Árni á Kárastöðum (35) Ingimundur á Búrfelli (18) |
| | Sigurbjörg á Höllustöðum (30) Guðmundur á Svínavatni (20) |
| | Þorsteinn Sölvason Grund (nýr) |
| 17 " | Pjetur í Holti (15) |
| 15 " | Benedikt á Hamri (25) Gísli Þorleifss. Höllustöðum (nýr) |
| 12 " | Björg í Holti (12) Benedikt á Eldjárnsstöðum (25) |
| | Valdimar á Þröm (25) Björn í Stóradal (20) |
| 10 " | Elínborg á Guðlaugsstöðum (12) Anna á Ljótshólum (12) |
| | Ágúst á Grund (xx) Stefanía á Höllustöðum (xx) |
| | Jóel í Sljettárdal (xx) |

## Útsvörin.

Nokkrar skýringar á niðurjöfnuninni í Svínavatnshreppi.

Alls var jafnað niður um 4400 kr. Í fyrra var niðurjöfnunin um 5500 kr., svo að útsvörin hafa lækkað um fimtung. Þarfirnar þó ekki það minni en í fyrra, því að eftirstöðvar höfðu vaxið töluvert á árinu, sökum þess að einstakir gjaldliðir, sem að áætlun stóðu, fjellu alveg niður, og til barnafræðslunnar fór töluvert minna en áætlað var. Þetta fje nú tekið til eyðslu. Nánari grein verður gerð fyrir þessu síðar, um leið og áætlunin verður birt. Fylgt var líkum reglum við niðurjöfnunina og undanfarin 2 ár (sbr. Sveitin 1. Des. 1919). Gjaldstofnarnir :: hrein eign, og hreinar tekjur, en aðal~~[illegible]~~ álagningin kom þó á tekjurnar. Lagt var þannig á eignirnar að hverjar 1000 kr. í hreinni eign voru ein álagseining. Álagningin þó stöðugt jöfn á hvert þúsund, þó samkvæmt reglum þessum gert ráð fyrir, að ef svo beri undir, að tekjur sjeu engar eða óvenjulitlar, að þá fari álagningin stighækkandi á eignirnar. Þá leið tók hreppsnefndin hjer í fyrra, því að þá var ekki að ræða um neinn hreinan arð af búunum.

100 kr. í hreinum tekjum var gerð ein álagseining, og svo stighækkandi þannig að við hverjar 500 kr. var bætt við 1/4 álagseiningar á hvert tekjuhundrað.

Tökum dæmi af manni, sem hefir 1780 kr. í hreinar tekjur á ári. Þannig lagt í álagseiningar:

| | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 100-500 kr. | 1 álagseining | á | hverjar | 100 kr., | samt. | 5 | álagsein. |
| 600-1000 " | 11/4 | " | " | " | 100 ", | " | 61/4 | " |
| 1100-1500 " | 11/2 | " | " | " | 100 ", | " | 71/2 | " |
| 1600-1780 " | 13/4 | " | " | " | 100 ", | " | 5 | " |
| | | | | | | Alls | 233/4 | álagsein. |

Ef jafnt hefði verið lagt á allar tekjurnar, hefði hjer munað 6 álagseiningum, eða um 24 kr. á útsvarinu eftir útreikningi nú.

Mat eigna var sem hjer segir:

Fasteignir.

Mat yfirmatsnefndar með 30% hækkun á landi (landsmat).

Lausafje.

Hestar 4ra vetra og eldri kr. 280, hryssur á sama aldri 160 kr., trippi 2-3ja vetra 110 kr., trippi veturg. 70 kr., ærin 55 kr., gemlingar 35 kr. hrútur fullorðinn 80 kr., kyrin 300 kr. geldneyti 2ja v. og eldri 300 kr., geldneyti veturg. 150 kr. kálfar 50 kr.

Sú breyting varð á um skuldaframtölin, að kaupstaðarskuldir voru teknar á nýári, en ekki í fardögum, eins og undanfarin ár. Annað mat miðað við fardaga.

Mat tekna var sem hjer segir:

Atvinna.

Venjulegt karlmannskaup fullkomins manns, var metið 650 kr. en kvenmannsins 350 kr. Frá var dregið: Þurftarkostnaður, kr. 200 hjá karlmönnum, en 150 kr. hjá kvenmönnum.

Fasteignaarður.

Af jörðum í sjálfsábúð var landsskuldin metin 4% af virðingarverði hreppsnefndar.

Lausafjárarður.

Af kúnni 80 kr., af ánni 5 kr., og af hryssum 6% af matsverði.

Fyrir ómögum var dregið frá: börn 1-3ja ára 400 kr. börn 4-14 ára 200 kr.

Bjarni Jónasson

Sveitin kemur út minst 6 sinnum á ári, alls 10-12 ark.
Verð árg. kr. 2,50 greiðist til Jóns Jónssonar í Stóradal
fyrir nýár 1923